



Handbók um notkun lesfimi- og stuðningsprófa Lesferils

Guðbjörg R. Þórisdóttir
Berglind Hansen
Auðun Valborgarson
Sigurgrímur Skúlason

Handbók um notkun lesfimi- og stuðningsprófa Lesferils

ISBN 978-9979-0-2752-2

©2021 Guðbjörg R. Þórisdóttir, Berglind Hansen,

Auðun Valborgarson, Sigurgrímur Skúlason

Málfarslestur: Berglind Steinsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2021 rafræn

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Efnisyfirlit

Listi yfir myndir	5
Listi yfir töflur	5
1. Inngangur.	6
2. Skólagátt	7
2.1. Tímarammi	7
2.2. Aðgangur kennara	7
2.3. Prófgögn í Skólagátt	7
3. Lesfimipróf Menntamálastofnunar	8
3.1. Hvað er lesfimi?	8
3.2. Lesfimiviðmið MMS	8
3.3. Matsrammi fyrir lesfimi	9
3.4. Tengsl lesfimi og lesskilnings	10
3.5. Framkvæmd við fyrirlögn lesfimiprófs	10
3.5.1. Hver á að leggja lesfimiprófið fyrir?	10
3.5.2. Á að leggja lesfimiprófið fyrir alla nemendur?	10
3.5.3. Mat á lesfimi hjá nemendum með lestrarerfiðleika eða önnur frávik	11
3.5.4. Undirbúningur nemenda undir próf	11
3.5.5. Prófaðstæður	12
3.5.6. Lesfimiprófið: Sjálf fyrirlögnin	12
3.5.7. Prófgögn og fyrirmæli	12
3.5.8. Skráning á niðurstöðum lesfimiprófs	12
3.5.9. Hvenær telst orð vera rangt lesið?	13
3.5.10. Skráning á niðurstöðum ef nemandi lýkur prófi innan tveggja mínútna	13
3.6. Birting á niðurstöðum lesfimiprófs í Skólagátt	14
3.7. Skil á námsmati í lesfimi	18
3.8. Spálíkan fyrir framfarir í lesnum orðum á mínútu	18
4. Stuðningsprófin: Orðleysulestur og sjónrænn orðaforði	20
4.1. Framkvæmd við fyrirlögn stuðningsprófa	20
4.1.1. Hvaða nemendur eiga að taka stuðningsprófin?	20
4.1.2. Hver á að leggja stuðningsprófin fyrir?	20
4.1.3. Undirbúningur nemenda undir próf	20
4.1.4. Prófaðstæður	20
4.2. Orðleysulestur: Sjálf fyrirlögnin	21

4.2.1. Prófgögn og fyrirmæli	21
4.2.2. Skráning á niðurstöðum fyrir orðleysulestur	21
4.3. Sjónrænn orðaforði: Sjálf fyrir lögnin.	22
4.3.1 Prófgögn og fyrirmæli.	22
4.3.2. Skráning á niðurstöðum fyrir sjónrænan orðaforða	22
4.4. Birting á niðurstöðum stuðningsprófa í Skólagátt.	23
5. Notkun prófanna í skólastarfi	24
5.1. Samspil lesfimi- og stuðningsprófanna	24
5.2. Greining og túlkun á niðurstöðum	27
5.2.1. Vinnuskjal til greiningar og túlkun á niðurstöðum	27
5.2.2. Staða bekkjar við upphaf skólaárs	28
5.2.3. Skjalið fyllt út	28
5.2.4. Túlkun á niðurstöðum og viðbrögð	29
6. Lestrarkennslan	33
6.1. Læsisstefnan	33
6.2. Skipulag lestrarkennslu og lestrarstuðnings á skólavísu	33
6.2.1. Lestrarstuðningur.	34
6.2.2. Viðfangsefni lestrarkennslu	34
6.2.3. Viðfangsefni lestrarþjálfunar/heimalestrar.	35
6.2.4. Læsisvefurinn – verkfærakista kennara	36
6.2.5. Samstarf við foreldra vegna lestrarnáms	37
7. Í hnotskurn	38
8. Heimildaskrá	39

Listi yfir myndir

Mynd 1.	Hlutfall nemenda á landsvísu á hverju viðmiðsbili.	14
Mynd 2.	Samanburður á meðaltali lesinna orða milli landsmeðaltals og skóla.	15
Mynd 3.	Skráningarhlutfall skóla í samanburði við skráningarhlutfall á landsvísu.	15
Mynd 4.	Staða og framfarir nemenda innan bekkjar/árgangs innan skólaárs.	16
Mynd 5.	Gagnatafla sem sýnir m.a. frammistöðu nemenda á lesfimiþrófi og litakóðað viðmiðsbil sem þeir falla inn á.	16
Mynd 6.	Birting á niðurstöðu lesfimiþrófs einstakra nemenda.	17
Mynd 7.	Prentvænt einkunnablað nemanda úr 3. bekk.	17
Mynd 8.	Dæmi um framsetningu á niðurstöðum stuðningsþrófs í Skólagátt.	23
Mynd 9.	Hringrás mats og kennslu.	24
Mynd 10.	Samspil lesfimi- og stuðningsþrófa.	26
Mynd 11.	Dæmi um greiningu á niðurstöðum 3. bekkjar í september.	27
Mynd 12.	Læsisvefurinn.	36

Listi yfir töflur

Tafla 1.	Maíviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.	9
Tafla 2.	Spálíkan fyrir framfarir í lesnum orðum á mínútu á milli lesfimimats innan skólaárs.	18
Tafla 3.	Spá um gengi á lesfimiþrófi í janúar og maí hjá nemendum í 4. bekk undir viðmiði 1.	19
Tafla 4.	Spá um gengi á lesfimiþrófi í janúar og maí hjá nemendum á miðstigi á milli viðmiðs 1 og 2	19
Tafla 5.	Almenn viðmið um túlkun mælitalna.	23
Tafla 6.	Notkun Lesferils í skólastarfi.	25
Tafla 7.	Nemendur sem þurfa sérstaka lesfimiþjálfun eftir mat á lesfimi í september.	30
Tafla 8.	Staðan eftir mat á lesfimi í september: Nemendur sem þurfa lestrarstuðning.	31
Tafla 9.	Skipulag lestrarkennslu og lestrarstuðnings: Staða 3. bekkjar eftir septemberfyrirlögn.	34

1. Inngangur

Notkun lesfimi- og stuðningsprófanna gerir kennurum kleift að kortleggja með nokkuð nákvæmum hætti stöðu nemenda sinna í lestri og fylgjast með framförum milli mælinga. Notkun prófanna er valfrjálst og hefur notkun lesfimiþrófsins frá upphafi verið mjög útbreidd í íslenskum grunnskólum. Vöxtur er í notkun stuðningsprófanna (*orðleysulestur* og *sjónrænn orðaforði*), þeim er ætlað að veita nánari upplýsingar um ástæður slaks gengis á lesfimiþrófi en geta einnig nýst til að fylgjast með framförum í grunnaðferðum lestrar (hljóðaaðferð og orðmyndalestri). [Matsrammi fyrir lesfimi](#), sem er í formi leiðsagnarmats, veitir síðan mikilvægar upplýsingar um stöðu hrynrænna þátta lesfiminna. Saman veita þessi matstæki heildstæðar upplýsingar um stöðu hinnar tæknilegu hliðar læsis eða stöðu umskráningarinnar en hún, ásamt góðum mál-skilningi, er meginforsenda góðs lesskilnings.

Í handbókinni verður fjallað um eðli, framkvæmd og samspil prófanna, hvernig greina má niðurstöður og nota þær til grundvallar lestrarkennslu fyrir einstaka nemendur eða heilan bekk og hvernig þær geta jafnframt legið til grundvallar árangursríku heildarskipulagi lestrarkennslu skóla.

2. Skólagátt

Skólar hafa aðgengi að lesfimi- og stuðningsprófunum í gegnum vefgáttina Skólagátt en gáttin hýsir jafnframt og vinnur úr gögnum sem verða til við innslátt á niðurstöðum. Við upphaf skólaárs þurfa skólastjórar að skrá bekkí sína í Skólagátt og velja þau próf sem leggja á fyrir árgangana þegar opnað er fyrir þau. Einungis skólastjórnenndur, kennarar og aðilar innan MMS hafa aðgang að niðurstöðum nemenda í gegnum Skólagátt en skólastjórar ákveða jafnframt hverjir aðrir hafa aðgang að niðurstöðum skólans, s.s. kennsluráðgjafar eða forstöðumenn skólaskrifstofa.

Á vef Menntamálastofnunar má finna nánari [leiðbeiningar](#) um notkun Skólagáttar en starfsfólk stofnunarinnar veitir jafnframt leiðbeiningar um notkun hennar ef þörf krefur.

2.1. Tímarammi

Lesfimi- og stuðningsprófin eru opin frá fyrsta degi fyriragnarmánaðar til miðnættis síðasta dags sama mánaðar eða 1.-30. september, 1.-31. janúar og 1.-31. maí. Það er á ábyrgð umsjónarkennara, eða þess sem leggur prófin fyrir, að skrá inn niðurstöður innan þess tímaramma sem prófin eru opin. Aðeins er hægt að skrá inn niðurstöður á meðan prófin eru opin og lokast því fyrir innskráningu á miðnætti síðasta dag fyriragnarmánaðar, þ.e. 30. september, 31. janúar og 31. maí. Ekki er hægt að skrá inn nýjar niðurstöður eftir lokun en hægt er að lagfæra mistök í skráningu ef haft er samband við MMS.

2.2. Aðgangur kennara

Skólastjóri sér um að stýra aðgengi kennara í Skólagátt og þegar aðgangur liggur fyrir skráir kennari sig inn í Skólagátt með rafrænum skilríkjum eða *Íslykli* og hefur þá aðgang að sínum bekk/bekkjum. Með því að smella á próf sem leggja á fyrir kemst kennari á síðu sem inniheldur leiðbeiningar og prófgögn fyrir fyrirlögnina ásamt innsláttarsvæði fyrir niðurstöður.

2.3. Prófgögn í Skólagátt

Undir hverju prófi (þ.e. *lesfimi*, *orðleysulestri* og *sjónrænum orðaforða*) má finna upplýsingar um prófin, nauðsynleg prófgögn, fyrirmæli og upplýsingar um hvernig skrá skal niðurstöður nemenda að prófi loknu. Prófgögnin eru aðgengileg í Skólagátt á því tímabili sem prófin eru opin. Kennari þarf að vera búinn að prenta út nauðsynleg prófgögn áður en fyrirlögn prófanna hefst. Nánari upplýsingar um hvernig nálgast má gögnin er að finna í umfjöllun um hvert próf fyrir sig.

3. Lesfimiþróf Menntamálastofnunar

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar er staðlað einstaklingsþróf sem veitir upplýsingar um stöðu nemanda í lesfimi út frá viðmiðum sem Menntamálastofnun hefur sett. Lesfimiþrófið metur færni sem birtist í nákvæmum, sjálfvirkum og fyrirhafnarlausum lestri en þeir þættir, ásamt viðeigandi afmörkun hendinga og réttu hljómfalli, stuðla að auknum lesskilningi (Kuhn, Schwanenflugel og Meisinger, 2010). Þrófútgáfurnar eru alls tíu, eða ein fyrir hvern árgang, og er sama þrófið lagt fyrir í september, janúar og maí. Þar sem þrófið er staðlað er gert ráð fyrir að þrófútgáfur séu aðeins notaðar fyrir þann aldurshóp sem þeim er ætlað að meta.

3.1. Hvað er lesfimi?

Til að skilja betur hugsmíðina *lesfimi* þurfum við aðeins að fara yfir hvaða hugrænu ferli (e. *cognitive process*) eru virkjuð þegar texti er lesinn. Lestrarferlið byggist á mörgum ólíkum hugrænum ferlum eins og athygli, minni, sjónskynjun, hljóðskynjun, ásamt málskilningi svo eitthvað sé nefnt. Þessi ferli þurfa öll að vinna vel saman til þess að eðlilegur lestur geti átt sér stað. En hver er þá tengingin við lesfimi? Lesfimi er í grunninn ekkert annað en lýsing á lestri og er lýsingin þrenns konar: **Sjálfvirkni** (hversu mikil athygli lesanda fer í það að lesa textann), **nákvæmni** (hversu nákvæmur lesturinn er) og **hrynjandi** (hversu rétt eða eðlilegt hljómfall og mótun hendinga við lestur er). Lýsing þessi er svo notuð til þess að lýsa lestri lesarans, sam-anber „lestur nemandans er fimlegur“ eða „lestur nemandans er stirðlegur“. Fimlegur lestur gefur vísbendingu um að þessi ólíku hugrænu ferli vinni vel saman en stirðlegur lestur gefur vísbendingar um að lestrarferlið gangi ekki nægjanlega smurt fyrir sig og þarfnist einhvers inn-grips. Nánari og fræðilegri umfjöllun um lesfimi má finna í handbók um túlkun á niðurstöðum lesfimiþrófanna.

3.2. Lesfimiviðmið MMS

Lesfimiviðmiðin eru sett þannig fram að þau sýna stíganda í lestrarfærni nemenda frá 1. og upp í 10. bekk. Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspegla þær kröfur sem þeir þurfa að standast á næstu stigum náms.

Lesfimi er mæld sem fjöldi rétt lesinna orða á mínútu. Mælieiningin orð á mínútu er að vissu marki háð stíl, innihaldi og orðfæri textans sem og aldri nemenda. Viðmiðin endurspegla vænt-ingar um frammistöðu nemenda í maí. Því er mikilvægt að skoða árangur nemenda í septem-ber og janúar í því ljósi að misræmi er á milli þeirra forsendna sem viðmiðin eru byggð á og þess hvenær færni nemenda í lesfimi er metin. Þetta á einkum við um yngri árganga.

Tafla 1. *Maíviðmið fyrir lesfimiþróf Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.*

Bekkur	Viðmið 1 90% viðmið	Viðmið 2 50% viðmið	Viðmið 3 25% viðmið
1.	20	55	75
2.	40	85	100
3.	55	100	120
4.	80	120	145
5.	90	140	160
6.	105	155	175
7.	120	165	190
8.	130	180	210
9.	140	180	210
10.	145	180	210

Viðmiðin eru svokölluð væntingaviðmið um árangur þar sem stefnt var að því að 90% nemenda næðu viðmiði 1, 50% nemenda næðu viðmiði 2 og 25% nemenda næðu viðmiði 3. Þessi viðmið voru byggð á niðurstöðum fyrstu fyrirlagna lesfimiþrófsins og væntingum um bætta árangur í lestri sem komu fram í *Hvítbók um umbætur í menntun* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014). Viðmiðin voru skilgreind af hópi átta sérfræðinga, fjögurra úr hópi starfsmanna Menntamálastofnunar og fjögurra sérfræðinga sem störfuðu við sérkennslu eða háskólakennslu á sviði lestrarkennslu. Í grunninn var stuðst við niðurstöður í lesfimi í maí 2016 en einnig var horft til *Hvítbókar um umbætur í menntun* (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2014) og væntinga sem þar komu fram um að nemendur næðu í ríkari mæli betri árangri í lestri. Væntingar *Hvítbókarinnar* höfðu einna mest áhrif á viðmiðin á miðstigi. Upphaflega stóð til að útbúa einnig viðmið sem endurspegluðu frammistöðu nemenda á landinu öllu, niðurstöður sem fælu í sér svipaðar upplýsingar og raðeinkunnir en horfið var frá því með ákvörðun læsisteymis.

Mat á leshraða eða sjálfvirkni og nákvæmni lestrar með raddlestri er í raun eina aðferðin sem hægt er að nota til að fylgjast með þróun umskráningarfærni nemenda. Raddlestrarhraði gefur vísbendingar um hljóðlestrarhraða sem þarf að aukast samhliða kröfum um aukna námsefnis-yfirferð eftir því sem líður á skólagönguna. **Nemendur eiga því alltaf að stefna að því að ná viðmiði 2 enda endurspeglar það færni sem nauðsynleg er til að þeir geti tekist á við viðfangsefni í námi hverju sinni með árangursríkum hætti.**

3.3. Matsrammi fyrir lesfimi

Lesfimiþrófið í *Lesferli* metur sjálfvirkni og nákvæmni við lestur. Í leiðbeiningum um framkvæmd eru fyrimælin til nemenda þegar prófið er lagt fyrir „*Lestu eins hratt og vel og þú getur*“. Orðið „vel“ vísar hér til lestrarnákvæmni þar sem hún, ásamt lesnum orðum á mínútu, liggur til grundvallar útreikningum á frammistöðu nemenda. Upplýsingar um sjálfvirkni umskráningar eru mjög mikilvægar en sjálfvirknin er ein af meginforsendum þess að lesari geti einbeitt sér

að innihaldi texta og skilið hann. Sé skilgreiningin á lesfimi hins vegar höfð í huga er ljóst að lesfimiþrófið metur aðeins tvo meginþætti hennar en til að fá góða hugmynd af heildarstöðunni þurfa kennarar einnig að nota *matsramma fyrir lesfimi* sem býður upp á mat á hryn-rænum þáttum til viðbótar. Saman veita lesfimiþrófið og matsramminn góðar upplýsingar en notkun rammans býður jafnframt upp á útvíkkun í lestrarkennslu og þjálfun og getur gert hvort tveggja fjölbreytt og áhugavert. [Matsrammann](#) má finna á [Læsisvefnum](#) ásamt leiðbeiningum.

3.4. Tengsl lesfimi og lesskilnings

Setning lesfimiviðmiða og mælingar á sjálfvirkni og nákvæmni lestrar hafa hlotið nokkra gagnrýni og telja ýmsir að hvort tveggja leiði til ofuráherslu á lestrarhraða í lestrarkennslu í stað þess að athyglinni sé fremur beint t.d. að því að efla lesskilning nemenda eða áhugahvötina. Ef mikill leshraði er eina markmið lestrarkennslu og eini þáttur lestrar sem metinn er þá er þetta réttmæt gagnrýni því þessi nálgun á lestur og lestrarkennslu endurspeglar of þróngan skilning á því hvað lestur felur í sér og hver tilgangur hans er (Cartwright og Duke, 2019; Guðbjörg R. Þórisdóttir, 2021). Nákvæmur, áreynslulaus og sjálfvirkur lestur, þar sem lesarinn er því sem næst ómeðvitaður um lestrarferlið sem fer fram í huga hans, er hins vegar ein mikilvægasta forsenda þess að hann geti einbeitt sér að innihaldi textans og skilið hann (LaBerge og Samuels, 1974). Góð lestrarfærni er einnig meginforsenda þess að lesarar geti haft ánægju af lestri. Það er því mikilvægt að fylgjast vel með þróun lesfimi hjá nemendum því hún er ein af meginstöðum læsis því sé hún ekki nægileg getur það sett hömlur á möguleika nemenda til að komast yfir lesefni, nýta sér lestur á árangursríkan hátt í námi og lesa sér til yndisauka.

3.5. Framkvæmd við fyrirlögn lesfimiþrófs

3.5.1. Hver á að leggja lesfimiþrófið fyrir?

Meginreglan er sú að kennari sem annast lestrarkennslu tiltekins nemanda á að leggja fyrir hann prófið. Þetta er mikilvægt þar sem lestrarkennarinn skipuleggur áherslur og viðfangsefni í lestrarnáminu og fylgist með framvindu þess frá degi til dags. Hann er því best í stakk búinn til að meta frammistöðu og túlka niðurstöður þar sem hann hefur reynslu af vinnu með nemandanum og getur t.d. metið hvort próflausn sé dæmigerð fyrir færni nemanda eða ekki. Í flestum tilvikum eru þetta umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi eða kennarar sem annast lestrarstuðning nemenda sem glíma við lestrarvanda og geta verið rétt yfir og undir viðmiði 1. Þar sem lestrarkennsla fellur undir íslensku eru það íslenskukennarar á unglingastigi sem þurfa að huga að kennslu og stöðu nemenda í lesfimi en þar sem þeir kenna oft mörgum árgöngum þurfa fleiri að koma að fyrirlögn lesfimiþrófsins á stiginu ef leggja á prófið fyrir alla nemendur. Þar er gott að hafa í huga að allir kennarar eru læsiskennarar og að auðvelt er að þjálfra kennara í að leggja prófið fyrir.

3.5.2. Á að leggja lesfimiþrófið fyrir alla nemendur?

Lesfimiþrófið má leggja fyrir alla nemendur sem til þess hafa forsendur en í næsta kafla er fjallað um mat á lesfimi hjá nemendum með lestrarerfiðleika. Í tilviki nemenda sem náð hafa góðum tókum á lesfimi og eru komnir á efri stig í grunnskóla geta skólar mótað sér sjálfstæða stefnu varðandi það hverjir fara í lesfimiþróf og hverjir ekki en færa má góð rök fyrir því að óþarft sé að prófa nemendur sem búa þegar yfir góðri lesfimi og hafa náð æskilegu viðmiði.

Vilji skólar hins vegar safna gögnum til að skoða hjá sér árangur af kennslu milli ára má leggja prófin fyrir alla þar sem það er ekki mjög tímafrekt og unglingar oft áhugasamir um frammi-stöðu sína á lesfimiþrófi.

3.5.3. Mat á lesfimi hjá nemendum með lestrarerfiðleika eða önnur frávík

Einstaka nemendur eiga í töluverðum erfiðleikum með að ná tökum á lestri vegna lestrarvanda eða þroskafrávika og fyrir þessa nemendur getur það reynst mikil raun að þreyta lesfimiþróf árgangs síns. Þar sem prófútgáfur eru staðlaðar fyrir ákveðinn aldur **á ekki að leggja fyrir þessa nemendur próf yngri árganga því þannig fæst ekki marktækur samanburður við jafnaldra og niðurstöður gefa ekki rétta mynd af færni nemanda.**

Ef kennari/skóli telur að ekki fáið nægar upplýsingar um stöðu lesfimi nemanda með því að leggja fyrir hann lesfimiþróf Lesferils þar sem það er of þungt þarf að ræða bæði við nem-andann og foreldra um að leggja annars konar próf fyrir. Hafa þarf í huga mikilvægi þess að leggja fyrir próf sem reyni ekki um of á nemandann, gefi rétta mynd af stöðu hans og góðar upplýsingar um möguleg næstu skref í kennslu og þjálfun. Jafnframt þarf að ræða með hvaða hætti niðurstöður verða settar fram og hvernig framfarir verða metnar.

Í slíkum tilvikum er lagt til að notuð séu önnur úttalin lesfimiþróf til að meta framfarir (t.d. próf sem skólinn á eða *Leið til læsis* lesfimiþrófin sem finna má á læstu svæði kennara á heimasíðu MMS). Velja ætti texta sem reynir hæfilega á nemandann og gefur góða mynd af stöðu hans í lesfimi. Einnig er mikilvægt að meta aðra þætti lesfiminna ef mögulegt er með því að nota matsrammann fyrir lesfimi til að fá heildstæða mynd af stöðu nemandans.

Líkt og í tilviki nemenda sem leysa staðlaða prófið er sami textinn lagður fyrir þrisvar yfir skóla-árið en með því að leggja sama texta fyrir er hægt að fá góða tilfinningu fyrir framförum. Í kjölfarið geta nemendur svo sett sér persónubundin, raunhæf markmið með aðstoð kennara.

Niðurstöður úr öðrum prófum en stöðluðum prófum Lesferils er hvorki hægt að skrá í Skóla-gátt né bera saman við upplýsingar sem þar birtast, s.s. viðmið og meðaltal bekkjar. Það er hins vegar auðvelt að útbúa yfirlit yfir feril nemandans í *Excel* enda skiptir það máli bæði fyrir hann og foreldra að niðurstaðan sé sett fram í skýru samhengi og með raunhæfum en hvetjandi hætti.

Það er mjög mikilvægt að nemandi missi aldrei trú á eigin getu og viðhaldi jákvæðu hugarfari til íhlutunar og þjálfunar. Framfarir eru mjög einstaklingsbundnar en nemandi sem fær mark-vissa íhlutun og þjálfun er í stöðugri framför og hrósa þarf fyrir hvert lítið skref sem tekið er í rétta átt.

3.5.4. Undirbúningur nemenda undir próf

Prófið krefst ekki sérstaks undirbúnings af hálfu nemenda. Það er gott að tilkynna prófdag með fyrirvara svo eldri nemendur, sem lesa oftast í hljóði, geti æft raddlestur en hann getur orðið stirður ef nemendur lesa lítið upphátt.

3.5.5. Prófaðstæður

Þar sem kennari verður að geta heyrt lestur nemandans, og til að lágmarka áreiti á meðan nemandi leysir prófið, þarf það að fara fram þar sem næði er gott og lítið um önnur áreiti í umhverfinu. Nemandi getur fundið fyrir streitu rétt áður en hann leysir prófið og ætti kennari að gefa sér örlítinn tíma til að hjálpa honum að koma ró á huga sinn áður en hann leysir prófið.

3.5.6. Lesfimiþrófið: Sjálf fyrirögnin

Í Skólagátt er að finna eftirfarandi upplýsingar um prófið:

Lesfimiþrófið Lesferils eru stöðupróf þar sem metnir eru tveir þættir í lestri nemandans; sjálfvirkni lestrar og lestrarnákvæmni. Hér er um að ræða einstaklingsþrófið sem taka tvær mínútur í fyrirögn.

Góð lesfimi stuðlar að auknum lesskilningi þar sem hún gefur nemendum færi á að beina aukinni athygli að innihaldi textans. Ef nemandi nær ekki góðum tókum á lesfimi verður lestur ónákvæmur og tafsamur. Lesfimi er hæfileiki sem þarf að þjálfar og viðhalda eins og hverri annarri færni.

Minnt er á að til að fá heildarmynd af stöðu nemenda í lesfimi þarf einnig að meta aðra þætti hennar með matsramma fyrir lesfimi. Í leiðbeiningum með rammanum má finna nánari útskýringar á notkun hans og mikilvægi þess að meta alla þætti lesfiminna.

3.5.7. Prófgögn og fyrirmæli

Prófblað nemenda og skráningarblað kennara er að finna í Skólagátt undir lista yfir nemendur sem skráðir eru í prófin. Önnur prófgögn eru skrifari, tímamælir og upptökutæki ef taka á upp lesturinn. Það getur verið gott að taka lesturinn upp í tilviki nemenda með lestrarvanda því nánari greining á villum getur gefið nákvæmari hugmynd um það sem þarfnast þjálfunar.

Fyrirmæli til nemenda er að finna í Skólagátt og prófeintaki kennara en til hægðarauka eru þau einnig höfð með hér:

„Hér sérðu textablað, þú átt að lesa þennan texta eins hratt og vel og þú getur í tvær mínútur. Ég mun taka tímann á meðan þú lest. Skilur þú hvað þú átt að gera? Ertu tilbúin/n?“

Mikilvægt er að gefa nemendum svigrúm til að svara spurningunum til að tryggja að þeir skilji fyrirmælin vel og leysi prófið á réttan hátt.

3.5.8. Skráning á niðurstöðum lesfimiþrófs

Í Skólagátt er að finna eftirfarandi upplýsingar varðandi skráningu á niðurstöðum nemenda á lesfimiþrófi:

Nemandi les í tvær mínútur og kennari merkir inn á skráningarblaðið síðasta orðið sem nemandi las. Einnig þarf að merkja við öll rangt lesin orð en rangt lesin orð teljast rétt ef nemandinn leiðréttir sig sjálfur. Ef nemandi sleppir línu er mælt með því að leiðbeina honum á réttan stað. Ef það er ekki gert þarf að merkja öll orð sem nemandinn sleppti sem rangt lesin.

Færið niðurstöður af skráningarblaðinu inn á viðeigandi innsláttarsvæði í Skólagátt með því að smella á rangt lesin orð sem litast þá gul. Smella þarf tvisvar á síðasta orð sem lesið var sem litast þá rautt. Síðasta orðið telst ekki villa þótt orðið hafi verið rangt lesið.

Kennarar hafa ýmist skráð niðurstöður á ljósritað eintak fyrir hvern nemanda eða beint í rafræn gögn í Skólagátt til að spara pappír og styttu úrvinnslutímann. Gallinn við það að skrá niðurstöður beint í Skólagátt er sá að það hefur komið fyrir að kennarar hafa skráð niðurstöður á rangan nemanda og þá ekki haft nein gögn undir höndum til að skrá réttar niðurstöður á réttan nemanda. Kosturinn við að skrá villur í texta á pappír er sá að það gerir kennaranum kleift að strika undir rangt lesin orð, skrá hjá sér athugasemdir og skoða villur eftir að prófi lýkur en þær geta veitt ýmsar upplýsingar um lestrarfærni nemenda.

Þar sem sama prófið er lagt fyrir þrisvar á skólaári er óþarft að ljósrita nýtt eintak handa hverjum nemanda heldur má nota sama eintakið við allar fyrirfyrirlagnirnar en skrá t.d. villur í hverri fyrirfyrirlögn með mislitum pennum, t.d. yfirstrikunarpennum. Þannig er hægt að bera frammistöðu nemanda saman milli prófayfirlagna og spara pappír.

Að gefnu tilefni eru kennarar minntir á að vista niðurstöður í lok skráningar til að koma í veg fyrir að gögn glatist.

3.5.9. Hvenær telst orð vera rangt lesið?

Þar sem einn megintilgangur prófanna er að meta lestrarnákvæmni teljast öll frávík frá rétttri umskráningu á texta sem villa.

Dæmi um frávík:

- Orð rangt lesið – nemandi þekkir ekki orð eða framburð þess.
- Brottfall hljóða úr orði – ekki öll hljóð orðsins lesin.
- Hluti samsetts orðs rangt lesinn – allt orðið telst rangt lesið.
- Orðum víxlað – bæði orðin teljast rangt lesin.
- Mislestur á smáorðum, t.d. á/í, að/af.
- Hljóðum bætt inn í orð, t.d. ákveðnum greini bætt við nafnorð (t.d. maður/maðurinn).

3.5.10. Skráning á niðurstöðum ef nemandi lýkur prófi innan tveggja mínútna

Það er ekki algengt að nemendum takist að ljúka lesfímiprófi innan tveggja mínútna og Skólagátt býður ekki upp á útreikninga eða skráningu í slíkum tilvikum. Segja má að nemendur sem ná þessu séu búnir að „sprengja skalann“ og aukinn raddlestrarhraði hefur mjög takmarkað notagildi fyrir þá. Þannig verða öll lesin orð, umfram það sem prófið mælir, í raun aukaatriði þrátt fyrir að nemandinn geti verið spenntur fyrir því að bæta sig í hraða. Þá er um að gera að velja sér aðrar áherslur í þjálfuninni eins og bætt lestrarlag eða góðan lesskilning ef nemandinn þarf á að halda.

3.6. Birting á niðurstöðum lesfimiþrófs í Skólagátt

Tilgangur þrófa er að afla upplýsinga um stöðu nemenda og bregðast við þeim með markvissum hætti en lesfimiþrófin meta afmarkaða færni sem ásamt öðrum þáttum mynda læsi eða hæfni nemenda til að nýta sér upplýsingar úr texta. Af þessum sökum er ekki hægt að tala um eða túlka niðurstöður lesfimiþrófanna sem „hæfnimiðaðar“ en þær veita engu að síður mikilvægar upplýsingar sem varða heildarstöðu læsis nemenda.


Í Skólagátt hafa niðurstöður lesfimiþrófsins verið settar fram með ýmsum hætti þar sem hægt er að skoða hlutfall nemenda sem lenda á tilteknu viðmiðsbili, bera árangur skóla saman við landsmeðaltal, bera meðaltal lesinna orða árganga í skóla saman við landsmeðaltöl, þátttökutölur og framfarir einstakra nemenda á milli mælinga. Í gáttinni má einnig finna gagnatöflu þar sem niðurstöður einstakra nemenda eru birtar en sú tafla er mjög mikilvæg þegar skipuleggja þarf lestrarkennslu og lestrarstuðning (sjá mynd 5).

Mynd 1 er sú sem blasir fyrst við þegar niðurstöður lesfimiþrófs eru skoðaðar. Fyrsti stöpullinn endurspeglar væntingar samkvæmt viðmiðum MMS um dreifingu nemendahóps í öllum árgöngum. Þannig er gert ráð fyrir að:

- 10% nemenda lendi undir viðmiði 1
- 40% nemenda lendi á milli viðmiðs 1 og 2
- 25% nemenda lendi milli viðmiðs 2 og 3
- 25% nemenda lendi yfir viðmiði 3


Hinir stöplarnir sýna raunverulegt hlutfall nemenda á hverju viðmiðsbili en með því að draga bendilinn yfir hvert bil er hægt að kalla fram nákvæma prósentutölu yfir hlutfall nemenda á hverju bili. Myndin sýnir hlutfall nemenda á landsvísu á hverju viðmiðsbili eftir fyrirhlögn í maí 2021 en allir skólar hafa aðgang að upplýsingum um landsmeðaltöl á prófinu. Þessar [upplýsingar](#) eru jafnframt aðgengilegar á heimasíðu stofnunarinnar.

Ekki hafa orðið miklar breytingar á hlutfalli nemenda á hverju viðmiðsbili samkvæmt maíniðurstöðum frá því að lesfimiþrófið var fyrst lagt fyrir árið 2016 en fyrirhuguð er endurskoðun á lesfimiþrófinni og framsetningu þeirra á grundvelli gagna sem hafa safnast saman á undanförum árum.




Mynd 1. Hlutfall nemenda á landsvísu á hverju viðmiðsbili.

Í Skólagátt geta skólar borið meðaltal lesinna orða hjá nemendum sínum saman við landsmeðaltal. Með því að draga bendilinn yfir hvern gagnapunkt má sjá nákvæma tölu yfir meðaltal lesinna orða í árgangi á skólavísu og landsvísu. Gráu brotalínurnar tákna viðmið 1, 2 og 3. Sjá mynd 2.




Mynd 2. Samanburður á meðaltali lesinna orða milli landsmeðaltals og skóla.

Skólagáttin heldur utan um upplýsingar varðandi það hvenær niðurstöður prófsins eru skráðar innan fyrirlagnartímabilsins og þar geta skólar einnig fundið upplýsingar um eigið skráningarhlutfall í samanburði við skráningarhlutfall á landsvísu.



Mynd 3. Skráningarhlutfall skóla í samanburði við skráningarhlutfall á landsvísu.

Á mynd 4 má sjá súlurit sem sýnir stöðu og framfarir hvers nemanda innan bekkjar/árgangs eftir atvikum. Með því að draga bendilinn yfir súlurnar má sjá hversu mörg orð nemandi las á mínútu í hverri próffyrirlögn. Á súluritinu má einnig sjá viðmiðin þrjú (gráar brotalínur) sem gott er að hafa til hliðsjónar þegar heildarstaða nemendahópsins er skoðuð.



Mynd 4. Staða og framfarir nemenda innan bekkjar/árgangs innan skólaárs.

Litakóðunin í gagnatöflunni á mynd 5 veitir góðar upplýsingar um það viðmiðsbil sem nemendur lenda á eftir hverja fyrirlögn og þar sem taflan inniheldur upplýsingar um öll próf innan skólaárs er hægt að fylgjast með því hvort, hvenær og hvernig nemendur færast á milli viðmiðsbila. Taflan veitir einnig góðar upplýsingar um fjölda nemenda sem lenda undir viðmiði 1 og þurfa stuðning og/eða góða eftirfylgni til að taka framförum fram að næsta lesfímimati. Hægt er að hlaða þessum gögnum niður í töflureikni og vinna nánar með þau. Niðurstöður í töflunni eru skáldaðar.

PDF

Gagnatafla

Nafn	Fyrirlögn sept. 2020		Fyrirlögn jan. 2021		Fyrirlögn maí 2021			Viðmið 1	Viðmið 2	Viðmið 3	
	OAM	Hópur	OAM	Br	Hópur	OAM	Br	Hópur	OAM	OAM	OAM
Aneta M Rognvaldsdóttir	28	Undir viðmiði 1	39	11	Undir viðmiði 1	63	24	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100
Arna Larsen Ísaksdóttir	37	Undir viðmiði 1	46	9	Milli viðmiða 1 og 2	64	18	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100
Bergþór Halldór Ármannsson	43	Milli viðmiða 1 og 2	75	32	Milli viðmiða 1 og 2	93	18	Milli viðmiða 2 og 3	40	85	100
Birta Elisabeth	84	Milli viðmiða 1 og 2	115	31	Yfir viðmið 3	123	8	Yfir viðmið 3	40	85	100
Breki Sverrir Sindrasen	43	Milli viðmiða 1 og 2	59	16	Milli viðmiða 1 og 2	80	21	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100
Dawid Ómar Guðjónsson	38	Undir viðmiði 1	48	10	Milli viðmiða 1 og 2	80	32	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100
Emilía Halldóra Elvassdóttir	22	Undir viðmiði 1	41	19	Milli viðmiða 1 og 2	51	10	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100
Eydis Þórey Ásbjörnsdóttir	9	Undir viðmiði 1	13	4	Undir viðmiði 1	41	28	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100
Heimir Másson	14	Undir viðmiði 1	35	21	Undir viðmiði 1	41	6	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100
Jens Róbertsson	13	Undir viðmiði 1	29	16	Undir viðmiði 1	48	19	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100
Ingvaldur Þorgrímsdóttir	13	Undir viðmiði 1	26	13	Undir viðmiði 1	41	15	Milli viðmiða 1 og 2	40	85	100

Mynd 5. Gagnatafla sem sýnir m.a. frammistöðu nemenda á lesfímiprófi og litakóðað viðmiðsbil sem þeir falla inn á.

Niðurstöður nemenda á lesfímiprófi eru birtar sem vegin orð á mínútu. Það er gert til að draga úr þyngdarmun í texta. Þyngdarmunurinn getur verið innan texta en einnig milli texta í ólíkum árgöngum. Þar sem niðurstöður eru gefnar í vegnum orðum á mínútu geta þær verið ólíkar þeirri útkomu sem kæmi út ef fjöldi rétt lesinna orða á mínútu væri fenginn með því að telja út lesinn orðafjölda á prófblaðinu. Ásamt því að vigta fyrir þyngd texta er vigtað fyrir fjölda villna


en því fleiri villur sem nemandinn gerir því þyngra vægi fá þær. Þetta er gert til þess að draga úr vægi þess að lesa texta hratt með lítilli nákvæmni.

Vegin orð á mínútu	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið	Prentvænt einkunnablað
89	55	100	120	

Mynd 6. Birting á niðurstöðu lesfímiprófs einstakra nemenda.

Eins og sjá má á mynd 6 eiga kennarar þess kost að prenta út einkunnablöð en þau sýna frammistöðu hvers nemanda í síðustu fjórum próffyrirlögnum (sjá mynd 7). Þetta eru niðurstöður nemanda í 3. bekk sem sýna að hann les 89 o. á mín. og er á milli viðmiðs 1 og viðmiðs 2 í þessari próffyrirlögn.

Ef gagnapunktarnir fjórir eru skoðaðir í töflunni fyrir neðan línuritið á mynd 7 má sjá að svo virðist sem nemandi hafi farið aftur milli maímælingar 2020 og 2021 en þá þarf að hafa í huga að ekki er um sama próf að ræða og að prófið í 3. bekk er nokkru þyngra en prófið í 2. bekk. Jafnframt þarf að forðast að bera saman niðurstöður í maí og september 2020 þar sem aðlæg kvörðun milli prófútgáfa í 2. og 3. bekk (eða milli annarra árganga) hefur ekki farið fram og því má ekki bera saman niðurstöður á milli ára heldur aðeins innan skólaárs þar sem sama prófið er lagt fyrir allt árið. Gert er ráð fyrir að við endurskoðun viðmiðanna verði ráðist í vinnu við aðlæga kvörðun prófanna sem gerir túlkun á frammistöðu nemenda mögulega milli árganga.



Mynd 7. Prentvænt einkunnablað nemanda úr 3. bekk.

Með því að setja bendilinn yfir gráu kassana fyrir ofan línuritið sem tilgreina viðmið 1, 2 og 3 og vinstrismella má fjarlægja brotalínurnar sem tákna viðmiðin af einkunnablaðinu. Það getur verið hvetjandi fyrir þá nemendur sem sækist lestrarnámið hægt að hafa ekki alltaf t.d. viðmið 2 og 3 fyrir augum þegar einkunnablaðið er skoðað.

3.7. Skil á námsmati í lesfimi

Eins og áður segir metur lesfimiþróf Lesferils tvo þætti lesfiminna en ef vel á að vera og til að fá heildarmynd af lesfimi nemanda þarf einnig að meta lesfimi hans með matsramma fyrir lesfimi sem endurspeglar alla þætti lesfiminna. Við skil á námsmati í lesfimi gefur það besta mynd af færni nemanda ef hann og forsjáraðilar fá í hendur bæði einkunnablaðið úr Skólagátt sem sýnir lesin orð á mínútu og matsrammann fyrir lesfimi þar sem kennari hefur lagt mat á og tekið saman upplýsingar um frammistöðu á öllum þáttum lesfiminna.

3.8. Spálíkan fyrir framfarir í lesnum orðum á mínútu

Spálíkanið sýnir meðalframfarir nemenda ásamt áætluðu meðaltali eftir fyrirhagartímabil og sýnir t.d. að meðalnemandi í 3. bekk bætir að jafnaði við sig 13 orðum á mínútu milli september- og janúarmælingar og öðrum 13 orðum á milli janúar- og maímælingar. Spálíkanið getur þannig veitt kennurum og nemendum nokkra hugmynd um hvort framfarir á milli mælinga séu dæmi-gerðar eða mögulega of litlar.

Tafla 2. Spálíkan fyrir framfarir í lesnum orðum á mínútu á milli lesfimimats innan skólaárs.

Bekkur	Meðalframfarir í o. á m.	september	janúar	maí
1.	19	11	30	49
2.	16	43	59	75
3.	13	68	81	94
4.	12	98	110	122
5.	12	99	111	123
6.	11	107	118	129
7.	10	125	135	145
8.	10	143	153	163
9.	9	150	159	168
10.	8	146	154	162

Notkun spálíkansins getur einnig hjálpað kennurum að átta sig betur á því hvaða nemendur þurfa á sérstakri þjálfun og eftirfylgni að halda til að ná t.d. viðmiði 1 með því að áætla út frá meðalframförum hvar nemandinn verður mögulega staddur á lesfimimati í janúar eða maí. Í töflu 3 má sjá dæmi um samantekt fyrir tvo nemendur í 4. bekk sem báðir eru undir viðmiði 1 en sýna góða frammistöðu á stuðningsprófum. Notkun spálíkansins sýnir annars vegar að í tilviki fyrri nemandans kunni að vera þörf á aukinni kennslu og/eða þjálfun til að auka líkur á að hann nái viðmiði 1 að vori á meðan hefðbundin kennsla og þjálfun muni að öllum líkindum duga seinni nemandanum til að ná sama viðmiði. Viðmið 2 er þó alltaf markmiðið og þarf kennsla og þjálfun að taka mið af því.

Tafla 3. Spá um gengi á lesfímiprófi í janúar og maí hjá nemendum í 4. bekk undir viðmiði 1.

	V1	September	Spálíkan	Áætlun f. jan.	Áætlun f. maí	Athugasemd
4.	80	55 o. á m.	12 o. á m.	67 o. á m.	79 o. á m.	Nem. nær ekki V1 í maí
4.	80	66 o. á m.	12 o. á m.	78 o. á m.	90 o. á m.	Nem. nær yfir V1 í maí

Notkun spálíkansins getur verið sérstaklega gagnleg í vinnu með nemendum á mið- og ungl-ingastigi sem hafa e.t.v. ríkari þörf en yngri nemendur á að átta sig á því hvar þeir eru staddir, hversu langt þeir eiga í land til að ná næsta viðmiði og hvort meðalframför dugi til að koma þeim yfir viðmið 1 eða viðmið 2 eftir atvikum. Þannig geta nemendur notað upplýsingar úr spálíkani til að meta líkur sínar á að ná settu marki en í því er meiri hvatning en að hafa enga eða mjög óljósa hugmynd varðandi það sem þarf til að ná tilætluðum árangri. Í *töflu 4* má sjá dæmi um notkun spálíkansins fyrir nemendur á miðstigi.

Tafla 4. Spá um gengi á lesfímiprófi í janúar og maí hjá nemendum á miðstigi á milli viðmiðs 1 og 2.

	V2	September	Spálíkan	Áætlun f. jan.	Áætlun f. maí	Athugasemd
5.	140	97	12 o. á mín.	109 o. á mín.	121 o. á mín.	Nem. nær ekki V2 í maí
5.	140	122	12 o. á mín.	134 o. á mín.	146 o. á mín.	Nem. nær V2 í maí
6.	155	121	11 o. á mín.	132 o. á mín.	143 o. á mín.	Nem. nær ekki V2 í maí
6.	155	143	11 o. á mín.	154 o. á mín.	165 o. á mín.	Nem. nær V2 í maí
7.	165	119	10 o. á mín.	129 o. á mín.	139 o. á mín.	Nem. nær ekki V2 í maí
7.	165	152	10 o. á mín.	162 o. á mín.	172 o. á mín.	Nem. nær V2 í maí

Nemendur með lestrarerfiðleika bæta að jafnaði við sig færri orðum á mínútu milli mælinga og getur sú framför verið mjög einstaklingsbundin og háð því hversu djúpstæður vandi nemenda er. Upplýsingar úr spálíkaninu henta því ekki í vinnu með þessum nemendum og nærtækara að skoða hvers konar framfarir hver nemandi hefur sýnt, t.d. á milli mælinga árin á undan. Þessir nemendur þurfa eins og aðrir að setja sér markmið reglulega og hvergi má slaka á kröfum til þeirra svo þeir nái besta mögulega árangri sem forsendur leyfa.

4. Stuðningsprófin: Orðleysulestur og sjónrænn orðaforði

Tilgangur stuðningsprófanna er að veita nánari upplýsingar um stöðu grunnaðferða í lestri en markviss notkun stuðningsprófanna getur einnig veitt góðar vísbendingar um hvaða nemendur það eru sem e.t.v. glíma við undirliggjandi lestrarvanda. Markviss greining og notkun á niðurstöðum ætti að liggja til grundvallar skipulagi og viðfangsefnum lestrarkennslu eða lestrarstuðningi fyrir einstaka nemendur, bekk, árgang eða jafnvel skipulagi lestrarkennslu á skólavísu en með skýru skipulagi er hægt að tryggja flestum nemendum góða lestrarfærni og nýta bjargráð vel.

4.1. Framkvæmd við fyrirlögn stuðningsprófa

4.1.1. Hvaða nemendur eiga að taka stuðningsprófin?

Viðmiðunarreglan er sú að leggja á stuðningsprófin fyrir nemendur sem eru undir og rétt yfir viðmiði 1 á lesfimiþrófi þar til viðunandi árangur næst eða skýring á slakri frammistöðu liggur fyrir. Þetta á við um nemendur á öllum stigum grunnskólans því skortur á færni í grunnaðferðum lestrar kemur í veg fyrir að nemendur nái góðum tókum á lesfimi óháð aldri. Kennarar geta einnig lagt stuðningsprófin fyrir þyki þeim ástæða til að fá nýrri upplýsingar um stöðu nemenda í lestri, t.d. þegar nemandi hefur flutt sig á milli skóla, eða til að fá nýjar upplýsingar í kjölfar íhlutunar hjá nemendum með lestrargreiningu.

4.1.2. Hver á að leggja stuðningsprófin fyrir?

Líkt og í tilviki lesfimiþrófsins er það lestrarkennari nemandans sem leggur stuðningsprófin fyrir. Eins og áður segir eru þetta alla jafna umsjónarkennarar á yngsta og miðstigi en íslenskukennarar á unglingastigi. Sérkennari eða annar sérfræðingur annast svo mat á nemendum sem hann hefur umsjón með.

Reikna má með því að þörfin fyrir að leggja stuðningsprófin fyrir sé meiri á fyrri stigum náms en meginreglan er sú að leggja stuðningsprófin fyrir til að fá skýringu á slöku gengi á lesfimiþrófi hjá nemendum á öllum stigum. Í *töflu 6* í kafla 5.1 er að finna upplýsingar varðandi fyrirlögn stuðningsprófanna og annarra matstækja sem geta gefið upplýsingar um gengi nemenda í lestri.

4.1.3. Undirbúningur nemenda undir próf

Stuðningsprófin krefjast ekki sérstaks undirbúnings af hálfu nemenda. Það er gott að tilkynna prófdag með fyrirvara svo eldri nemendur, sem oftast lesa í hljóði, geti æft raddlestur en hann getur orðið stirður ef nemendur lesa lítið upphátt.

4.1.4. Prófaðstæður

Þar sem kennari verður að geta heyrt lestur nemandans, og til að lágmarka áreiti á meðan nemandi leysir prófið, þarf það að fara fram þar sem næði er gott og lítið um önnur áreiti í umhverfinu. Nemendur geta fundið fyrir streitu rétt áður en þeir leysa prófið og ættu kennarar að gefa sér örlítinn tíma til að hjálpa nemanda að koma ró á huga sinn áður en hann leysir prófið.

4.2. Orðleysulestur: Sjálf fyrirlögnin

Í Skólagátt er að finna eftirfarandi upplýsingar um prófið:

Próf í orðleysulestri er 40 atriða einstaklingspróf sem tekur 1-2 mínútur í fyrirlögn á hvern nemanda (sjálfur próftökutíminn er 1 mínúta). Lestur orðleysa er eitt besta mælitækið til að meta þekkingu nemanda á tengslum bókstafs og hljóðs sem er undirstaða umskráningar í lestri. Öryggi við beitingu hljóðaaðferðar er forsenda þess að nemandi geti byggt upp sjónrænan orðaforða og sjálfvirkur lestur orðmynda er forsenda góðrar lesfimi.

4.2.1. Prófgögn og fyrirmæli

Prófblað nemenda og skráningarblað kennara er að finna í Skólagátt undir lista yfir nemendur sem skráðir eru í prófin. Önnur prófgögn eru skriffæri, tímamælir og upptökutæki ef taka á upp lesturinn. Það getur verið gott að taka lesturinn upp í tilviki nemenda með lestrarvanda því nánari greining á villum getur gefið nákvæmari hugmynd um það sem þarfnast þjálfunar.

Við fyrirlögn byrjar kennarinn á því að fara yfir æfingaverkefnið sem er á bakhlið prófblaðs svo nemandi skilji í hverju verkefnið er fólgið en mikilvægt er að nemandinn viti nákvæmlega hvað hann á að gera áður en próffyrirlögn hefst. Því næst er nemendablaðið brotið í tvennt eftir miðjúlínunni og kennarinn les fyrirmælin fyrir nemandann. Fyrirmælin er að finna í Skólagátt en til hægðarauka eru þau höfð með hér:

„Í þessu verkefni átt þú að lesa orð eins hratt og vel og þú getur í eina mínútu. Þetta eru ekki venjuleg orð, þetta eru bullorð. Þú lest orðin eins og þau eru skrifuð. Ef þú ert ekki viss þá er betra að giska en segja ekki neitt. Orðin sem þú lest eru miserfið. Þau eru í röð á blaðinu og þú byrjar á því efsta og lest niður blaðið. Þegar því er lokið snýrðu blaðinu við og heldur áfram að lesa þar til ég segi þér að stoppa. Gott er að láta fingur fylgja orðunum þegar þú lest niður blaðið. Skilur þú hvað þú átt að gera? Ertu tilbúin/n?“

Mikilvægt er að gefa nemendum svigrúm til að svara spurningunum til að tryggja að þeir skilji fyrirmælin vel og leysi prófið á réttan hátt.

4.2.2. Skráning á niðurstöðum fyrir orðleysulestur

Í Skólagáttinni er að finna upplýsingar um skráningu á niðurstöðum nemenda á lestri orðleysa:

Próftími er hámark 1 mínúta.

Tími nemandans er skráður neðst á skráningarblað kennara.

Merkt er við þau orð sem nemandi las rangt ef einhver eru. Öll frávik frá rétttri og nákvæmri umskráningu teljast sem villa.

Færið niðurstöður af skráningarblaðinu inn á viðeigandi innsláttarsvæði í Skólagátt með því að smella á rangt lesin orð sem litast þá gul. Smella þarf tvisvar á síðasta orð sem lesið var sem litast þá rautt. Síðasta orðið telst ekki villa þótt orðið hafi verið rangt lesið. Ef allur orðalistinn er lesinn á undir 60 sekúndum þá er tvísmellt á síðasta orð listans og valið úr fellilista í hversu margar sekúndur nemandinn las.

4.3. Sjónrænn orðaforði: Sjálf fyrirlögnin

Í Skólagátt er að finna eftirfarandi upplýsingar um prófið:

Próf í sjónrænum orðaforða er 40 atriða einstaklingspróf sem ætlað er að meta sjónrænan orðaforða. Sjónrænn orðaforði er safn orðmynda þar sem nemandinn þekkir hljóðræna og sjónræna mynd orða ásamt merkingu fyrirhafnarlaust og án umhugsunar. Góður sjónrænn orðaforði er forsenda þess að nemandi geti lesið texta af öryggi og áreynslulaust og er þar af leiðandi forsenda lesfimi.

4.3.1. Prófgögn og fyrirmæli

Prófbloð nemenda og skráningarblað kennara er að finna í Skólagátt undir lista yfir nemendur sem skráðir eru í prófin. Önnur prófgögn eru skriffæri, tímamælir og upptökutæki ef taka á upp lesturinn. Það getur verið gott að taka lesturinn upp í tilviki nemenda með lestrarvanda því nánari greining á villum getur gefið nákvæmari hugmynd um það sem þarfnast þjálfunar.

Við upphaf fyrirlagnar er prófblað nemanda brotið í tvennt eftir miðjúlínunni og kennarinn les fyrirmælin fyrir nemandann. Fyrirmælin er að finna í Skólagátt en til hægðarauka eru þau höfð með hér:

„Í þessu verkefni átt þú að lesa orð eins hratt og vel og þú getur í eina mínútu. Orðin eru í röð á blaðinu og þú byrjar á því efsta og lest niður blaðið. Þegar því er lokið snýrðu blaðinu við og heldur áfram að lesa þar til ég segi þér að stoppa. Ef þú þekkir ekki eitthvert orðanna mátt þú giska. Gott er að hafa fingur á orði þegar þú lest niður blaðið. Skilur þú hvað þú átt að gera? Ertu tilbúin/n?“

Mikilvægt er að gefa nemendum svigrúm til að svara spurningunum til að tryggja að þeir skilji fyrirmælin vel og leysi prófið á réttan hátt.

4.3.2. Skráning á niðurstöðum fyrir sjónrænan orðaforða

Í Skólagáttinni er að finna upplýsingar um skráningu á niðurstöðum nemenda við lestur á sjónrænum orðaforða:

Próftími er hámark 1 mínúta.

Tími nemandans er skráður neðst á skráningarblað kennara.

Merkt er við þau orð sem nemandi las rangt ef einhver eru. Öll frávik frá réttri og nákvæmri umskráningu teljast sem villa.

Færið niðurstöður af skráningarblaðinu inn á viðeigandi innsláttarsvæði í Skólagátt með því að smella á rangt lesin orð sem litast þá gul. Smella þarf tvisvar á síðasta orð sem lesið var sem litast þá rautt. Síðasta orðið telst ekki villa þótt orðið hafi verið rangt lesið. Ef allur orðalistinn er lesinn á undir 60 sekúndum þá er tvísmellt á síðasta orð listans og valið úr fellilista í hversu margar sekúndur nemandinn las.

4.4. Birting á niðurstöðum stuðningsprófa í Skólagátt

Frammistaða nemenda á stuðningsprófum eru settar fram í mælitölum og hverju mælitölubili fylgir lýsing sem gefur til kynna stöðu á kvarða ásamt samanburði við frammistöðu jafnaldra. Notkun mælitalna gerir kennaranum kleift að túlka og bera saman niðurstöður á mismunandi prófum og prófútgáfum þegar sama próf er notað hjá mörgum aldurshópum. Í *töflu 5* gefur að líta staðlaðan túlkunarramma sem unnt er að tengja við stigatölur á ólíkum mælitækjum (Sigurgrímur Skúlason, 2020, bls. 104; Sigurgrímur Skúlason, Auðun Valborgarson og Guðbjörg R. Þórisdóttir, 2021, bls. 11) en lýsingin auðveldar skilning á stöðu nemenda sem falla inn á tiltekin mælitölubili.

Tafla 5. Almenn viðmið um túlkun mælitalna.

Mælitala	Lýsing	Almenn túlkun niðurstöðu
1 til 3	Neðri mörk kvarða	Veikleiki miðað við jafnaldra
4 til 6	Fyrir neðan meðaltal	Veikleiki miðað við jafnaldra
7 til 8	Neðri hluti meðaltals	Innan eðlilegra marka
9 til 11	Meðaltal	Innan eðlilegra marka
12 til 13	Efri hluti meðaltals	Innan eðlilegra marka
14 til 16	Fyrir ofan meðaltal	Styrkur miðað við jafnaldra
17 til 19	Efri mörk kvarða	Styrkur miðað við jafnaldra

(Byggt á Flanagan og Kaufman, 2009; Sattler, 2018.)

Eins og *tafla 5* gefur til kynna þarf að huga sérstaklega að færni nemenda sem fá mælitölur á bilinu 1-6 en prófin veita vísbendingar um vanda og að skoða þurfi nálgun í kennslu og þjálfun betur.

Mælitala	Lýsing
6	Fyrir neðan meðaltal / Veikleiki miðað við jafnaldra

Mynd 8. Dæmi um framsetningu á niðurstöðum stuðningsprófs í Skólagátt.


Ef stuðningsprófin hafa verið lögð fyrir nemendur þarf að gera grein fyrir niðurstöðum þeirra samhliða skilum á lesfímimati. Útskýra þarf fyrir foreldrum hvaða hugsmíðar stuðningsprófin meta, samspil þeirra við lesfimi og hvernig erfiðleikar í grunnþáttum lestrar geta haft áhrif á frammistöðu nemenda í lestri. Með notkun stuðningsprófanna fást því meiri upplýsingar sem geta veitt nemendum og foreldrum nokkra skýringu á því hvers vegna nemendum getur sóst lestrarnámið hægar en öðrum.

Frekari upplýsingar um túlkun á niðurstöðum stuðningsprófa er að finna í [Túlkun á niðurstöðum stuðningsprófa í Lesferli: Aldursviðmið fyrir Orðleysulestur og Sjónrænan orðaforða](#) (Sigurgrímur Skúlason, Auðun Valborgarson og Guðbjörg R. Þórisdóttir, 2021).

5. Notkun prófanna í skólastarfi

Með tilkomu lesfimi- og stuðningsprófa Lesferils hafa skapast forsendur til að meta árangur af lestrarkennslu, fá samanburðarhæfar upplýsingar um stöðu nemenda og vísbendingar um veikleika í lestrarferli þeirra. Séu niðurstöður notaðar á markvissan hátt geta þær lagt grunninn að árangursríkri lestrarkennslu sem skilar öllum nemendum nauðsynlegri og góðri lestrarfærni. Sameiginleg rýni skólastjórnenda og kennara í niðurstöður leiðir til mikilvægs samtals um gæði lestrarkennslu og getur átt þátt í að efla og bæta hana í þágu allra nemenda.

Það er mikilvægt fyrir skóla að hafa í huga að með notkun matstækja skapast siðferðileg skylda til að bregðast við niðurstöðum með skýrum og afgerandi hætti. Þannig ber kennurum að læra vel á matstækin, þekkja hugsmíðina sem liggur að baki hverju prófi, að vanda framkvæmd og túlkun og vera vel í stakk búnir til að bregðast við niðurstöðum allra nemenda. Þannig verður til ákveðin hringrás sem í raun tekur ekki enda fyrr en allir nemendur hafa náð fullnægjandi árangri eða eins góðum og þeir hafa forsendur til.



Mynd 9. Hringrás mats og kennslu.

5.1 Samspil lesfimi- og stuðningsprófanna

Eins og áður segir er tilgangur stuðningsprófanna að fá betri upplýsingar um ástæður fyrir slöku gengi nemanda á lesfimiþrófi en í töflunni hér á eftir er tillaga að því hvenær æskilegt er að leggja stuðningsprófin fyrir. Eðlilegt er að stuðningsprófin séu notuð oftast með ungum nemendum sem eru að ná tökum á lestri á meðan forsendur þeirra til lestrarnáms eru að skýrast en um leið og nemendur hafa náð tökum á grunnaðferðum lestrar og frammistaða á stuðningsprófum verður fullnægjandi minnkar þörfin fyrir notkun þeirra.

Eins og áður hefur verið nefnt er viðmiðunarreglan sú að leggja á stuðningsprófin fyrir nemendur sem eru undir og rétt yfir viðmiði 1 á lesfimiþrófi þar til viðunandi árangur næst eða skýring á slöku gengi í lestrarnámi liggur fyrir. Þetta á við um nemendur á öllum stigum grunnskólans því skortur á færni í grunnaðferðum lestrar kemur í veg fyrir að nemendur nái góðum tökum á lesfimi óháð aldri. Kennarar geta einnig lagt stuðningsprófin fyrir þyki þeim ástæða til að afla nýrra upplýsinga um stöðu nemenda sem eru t.d. rétt yfir viðmiði 1 eða til að fá nýjar upplýsingar í kjölfar íhlutunar um stöðu grunnaðferða í lestri hjá nemendum með greindan lestrarvanda.

Tafla 6. Notkun Lesferils í skólastarfi.

	Lesfimi	Lestur orðleysa	Sjónrænn orðaforði	Stafakönnun	Lesskimun	Matsrammi fyrir lesfimi
1. bekkur						
september	x			*		
október					*	
janúar	x	x	x	*		
maí	x	x*	x*	*		+
2. bekkur						
september	x	x*	x*	*		+
janúar	x	x*	x*	*		+
maí	x	x*	x*	*		+
3. bekkur						
september	x	x*	x*	*		+
janúar	x	x*	x*	*		+
maí	x	x*	x*	*		+
4. bekkur						
september	x	x*	x*	*		+
janúar	x	x*	x*	*		+
maí	x	x*	x*	*		+
5.-10. bekkur						
september	x	x*	x*	*		+
janúar	x	x*	x*	*		+
maí	x	x*	x*	*		+

x = Mat lagt fyrir alla nemendur.


x* = Mat lagt fyrir nemendur sem sýna slaka færni á lesfimiþrófi en það eru nemendur undir og rétt yfir viðmiði 1. Matið er lagt fyrir þar til viðunandi árangur næst og/eða þar til skýring er komin á slöku gengi eða litlum framförum í lestri. Hafi nemandi farið í formlega lestrar-greiningu er e.t.v. ekki þörf á fyrirlögn stuðningsprófa. Það er í höndum kennara að ákveða það en notkun stuðningsprófanna getur veitt nýrri upplýsingar um stöðu færninnar sem stuðnings-prófin meta.

* Leggja ætti stafakönnun og léttan lestexta fyrir alla nemendur sem eru að hefja nám í 1. bekk til að meta mögulega lestrarkunnáttu eftir leikskólavist. Skipulag lestrarkennslu þarf að taka mið af heildarstöðu nemendahópsins, byggja á þeirri kunnáttu sem er fyrir hendi svo tíminn í lestrarkennslu sé nýttur vel.

Mikilvægt er að leggja stafakönnunina fyrir þar til nemandi hefur náð fullum tókum á tengingu bókstafs og hljóðs. Ef eldri nemendur fá slaka niðurstöðu við lestur orðleysa getur ástæðan verið óöryggi við tengingu bókstafs eða ritháttarmynstra við hljóð eða að þessi tenging er ekki nægilega sjálfvirk og þá þarf að bæta úr því.

+ Sjá kafla 3.3. um matsrammann.

Líkanið á mynd 10 endurspeglar hvernig samspili lesfimi- og stuðningsprófanna ætti alla jafna að vera háttað en mikilvægt er að hafa í huga að ekkert líkan getur með fullkomnum hætti náð utan um alla nemendur. Því þurfa kennarar einnig að styðjast við reynslu sína og þekkingu af vinnu með nemendum við túlkun á niðurstöðum og þegar ákvörðun er tekin um það með hvaða hætti brugðist er við þeim.



Mynd 10. Samspil lesfimi- og stuðningsprófa.

Ef nemandi fær slaka niðurstöðu á lesfimiþrófi (undir viðmiði 1 eða rétt yfir) liggur beint við að kanna stöðu hljóðaaðferðar fyrst með mati á lestri orðleysis en góð þekking á hljóðaaðferð er forsenda þess að nemendur geti náð tökum á umskráningu og öðlast sjónrænan orðaforða. Ef veikleikar koma fram í hljóðaaðferðinni er mikilvægt að kanna sjálfvirkni þekkingar nemandans á tengslum bókstafs og hljóðs. Á Læsisvefnum er að finna [stafakönnun](#) sem kennarar geta notað til að kanna bókstafsþekkingu nemenda sinna og í 8. kafla [Leið til læsis – handbók](#) hefur Helga Sigurmundsdóttir skrifað aðgengilegan kafla um umskráningu sem gefur góða hugmynd um eðli hennar og hvernig hægt er að nálgast kennslu hljóðaaðferðarinnar (Helga Sigurmundsdóttir, 2011, bls. 85-92).

Ef nemandi er undir viðmiði 1 á lesfimiþrófi en fær ásættanlega niðurstöðu við lestur orðleysis má gera ráð fyrir að hann hafi náð tökum á hljóðaaðferðinni. Þá þarf að leita skýringar með því að leggja fyrir hann prófið sem metur sjónrænan orðaforða. Líklegt er að yfirleitt verði nokkurt samræmi milli niðurstöðu á lesfimiþrófi og á prófinu sem metur sjónrænan orðaforða þar sem prófin meta sambærilegar hugsmíðar en slök niðurstaða við lestur sjónræns orðaforða gefur vísbendingar um að nemandi þurfi aukna þjálfun með endurteknum lestri til að geta lesið fleiri orðmyndir með sjálfvirkum hætti og lagt þannig grunninn að aukinni lesfimi. Í [Leið til læsis – handbók](#) má lesa nánar um kenningu Ehri um myndun sjónræns orðaforða (Helga Sigurmunds-

dóttir, 2011, bls. 25-26) og á Læsisvefnum er einnig að finna umfjöllun og aðferðir sem gefa eftir [sjónrænan orðaforða](#) nemenda.

5.2. Greining og túlkun á niðurstöðum

Þegar búið er að leggja prófin fyrir er mikilvægt að kennarar setji niðurstöður allra prófa í samhengi til að geta glöggvað sig á stöðu einstakra nemenda og stöðu bekkjarins/árgangsins í heild. Saman leggja þessar upplýsingar grunninn að skipulagi lestrarkennslu og lestrarstuðnings fram að næsta lesfímímati og gera kennurum betur kleift að bregðast við stöðu einstakra nemenda/bekkjara með markvissum hætti þar til mat fer næst fram.

5.2.1. Vinnuskjal til greiningar og túlkun á niðurstöðum

Sérfræðingar Menntamálastofnunar hafa í samvinnu við nokkra grunnskóla mótað [vinnuskjal](#) sem hægt er að nota til að taka niðurstöður lesfími- og stuðningsprófanna saman og öðlast yfirsýn yfir stöðu einstakra nemenda, bekkjar/árgangs og skóla. Það skal tekið fram að við greiningu og túlkun á niðurstöðunum hér er aðeins stuðst við niðurstöður mælinganna þar sem ekki liggja fyrir aðrar bakgrunnsupplýsingar um nemendur eða þær upplýsingar sem kennarar hafa alla jafna á reiðum höndum og geta notað þegar ákvarða á næstu skref í lestrarkennslunni.

Fremst í skjalinu er að finna dæmi um greiningu en fyrir valinu varð greining á niðurstöður 3. bekkjar í september 2020, sbr. mynd 11. Á þessu stigi lestrarnáms er enn töluverð þörf á að leggja stuðningsprófin fyrir og því heppilegt að taka dæmi úr bekk á yngsta stigi. Niðurstöður eru raunverulegar en nöfn og upplýsingar í athugasemdadálki eru skálduð.

Lesferill

Dæmi um greiningu á niðurstöðum 3. bekkjar
september

Nafn nemanda	V1	V2	Lesfími	Lestur orðleysa	Sjónrænn orðaforði	Lesfímipj.	Stuðningur	Athugasemd
Andri	55	100	19	Neðri mörk/veikleiki	Neðri mörk/veikleiki		Andri	Dyslexia?
Bergey	55	100	61	VG	VG			
Cesar	55	100	31	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar	Cesar		
Daría	55	100	56	VG	VG			
Elvar	55	100	66	VG	VG			
Freyja	55	100	50	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar	Freyja		
Gestur	55	100	9	F. neðan mt./veikleiki	Neðri mörk/veikleiki		Gestur	Dyslexia?
Hrund	55	100	42	Meðaltal eða ofar	Neðri hl.mt./innan marka	Hrund		
Ingimar	55	100	11	F. neðan mt./veikleiki	F. neðan mt./veikleiki		Ingimar	Fylgjast með
Joakim	55	100	30	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar	Joakim		
Kara	55	100	96	VG	VG			
Lárus	55	100	30	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar	Lárus		
María	55	100	87	VG	VG			
Nökkvi	55	100	56	VG	VG			
Olga	55	100	78	VG	VG			
Pétur	55	100	82	VG	VG			
Rán	55	100	11	Neðri mörk/veikleiki	Neðri mörk/veikleiki		Rán	ADHD/dysl.?
Stefán	55	100	VG	VG	VG			
Unnur	55	100	52	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar	Unnur		

Mynd 11. Dæmi um greiningu á niðurstöðum 3. bekkjar í september.

5.2.2. Staða bekkjar við upphaf skólaárs

Á þessu stigi í lestrarnámi hefur meðalnemandinn náð góðum tókum á hljóðaaðferðinni, sjónrænn orðaforði fer hratt vaxandi og forsendur til aukinnar lesfimi komnar hjá langflestum. Þetta endurspeglast í viðmiðum 3. og 4. bekkjar en stökkið er hvergi meira en á milli viðmiða þessara árganga eða 25 o. á m. Á fyrri stigum lestrarnáms getur lítill lestur yfir sumartímann leitt af sér tímabundna afturför en nemendur með lestrarerfiðleika eru sérstaklega viðkvæmir fyrir skorti á þjálfun yfir sumartímann og getur farið nokkuð aftur ef engin þjálfun eða upprifjun er til staðar (Cahill, Horvath, McGill-Franzen og Allington, 2013). Niðurstöður í september geta því verið litaðar af skorti á lestrarþjálfun yfir sumarið og getur það tekið nemendur nokkurn tíma að ná upp fyrri færni. Eins og áður segir þarf að hafa í huga að viðmiðin gefa til kynna æskilega færni í maí og þarf að skoða frammistöðu nemenda á september- og janúarmati í ljósi þess.

Samkvæmt gögnum úr Skólagátt fyrir september 2020 er meðallestrarhraði nemenda á landsvísu við upphaf 3. bekkjar 66 o. á m. en í þessum hópi er meðalhraðinn 48 o. á m. og hann því nokkuð undir landsmeðaltali. Fyrir því kunna að vera ýmsar ástæður, s.s. hærra hlutfall nemenda með undirliggjandi vanda, hlutfall nemenda með annað móðurmál, gæði lestrarkennslu, svigrúm skóla til lestrarstuðnings vegna smæðar eða skortur á fagmenntuðum kennurum til að sinna stuðningi. Í þessum hópi geta því verið nokkrar áskoranir fyrir skóla, lestrarkennara og nemendur en með skýru skipulagi, þar sem lestrarkennsla er vönduð og fær gott svigrúm, er hægt að ná góðum árangri.

5.2.3. Skjalið fyllt út

Fremst í skjalinu, á eftir nöfnum nemenda, er að finna lesfimiviðmið 1 og 2 fyrir 3. bekk og í dálkinn þar á eftir skráir kennarinn niður lesin orð á mínútu á lesfimiþrófi. Niðurstöður eru litaðar í samræmi við það viðmiðsbil sem nemandinn lendir á og sett er fram í gagnatöflunni í Skólagátt (sjá mynd 5 í kafla 3.6.).

Hafa þarf í huga að staða nemenda innan viðmiðabils getur verið mjög ólík, sérstaklega nemenda undir viðmiði 1, og í þessu dæmi hlaupa t.d. lesin orð á mínútu hjá nemendum frá níu og upp í 52 orð. Því verður að forðast að gera ráð fyrir því að allir „rauðir nemendur“ þurfi sambærilega kennslu og stuðning. Rýna þarf vel í frammistöðu þeirra á stuðningsprófum og skipuleggja næstu skref í samræmi við heildarmyndina sem prófin gefa, sem og aðrar upplýsingar sem kennarinn hefur um dæmigerða færni hvers nemanda. Nemendur undir viðmiði 1 geta þurft sérsniðna lausn til skemmri eða lengri tíma og/eða kennslu í fámennum hópi undir leiðsögn sérfræðings en geta jafnframt haft ávinning af því að sitja skipulagða lestrarkennslu inni í bekk.

Við skráningu á niðurstöðum stuðningsprófa skrá kennarar umsögnina sem fylgir þeirri mælitölu sem nemendur fá á hvoru prófi fyrir sig í viðeigandi dálka (sjá kafla 4.4. um mælitölur og lýsingar) en geta einnig skráð mælitöluna sjálfa þegar þeir hafa töfluna á hraðbergi. Dálkarnir *Lesfimiþjálfun* og *Stuðningur* eru ætlaðir til að auðvelda kennurum að átta sig á því hvaða nemendur það eru sem þurfa annars vegar á tímabundinni aukalesfimiþjálfun að halda og hins vegar meiri stuðningi.

Nemendur sem fylla dálkinn *Lesfimiþjálfun* eru nemendur sem hafa náð tökum á hljóða-aðferðinni en fá slakar niðurstöður á prófinu sem metur sjónrænan orðaforða. Þessir nemendur þurfa að efla sjónrænan orðaforða sinn, t.d. með aðferðum endurtekens lestrar, til að leggja grunninn að aukinni lesfimi þar til þeir hafa náð vel upp fyrir viðmið 1.

Í dálkinn *Stuðningur* setur kennari nemendur sem eru með veikleika í hljóðaaðferð og þurfa að ná betri tökum á aðferðinni. Þessir nemendur fá í flestum tilvikum einnig slakar niðurstöður á prófinu sem metur stöðu sjónræns orðaforða þar sem góð kunnátta við beitingu hljóða-aðferðar er forsenda þess að sjónrænn orðaforði get myndast (er þó ekki algilt). Ástæður fyrir slöku gengi geta verið margvíslegar og mikilvægt að skoða vel hvað getur legið að baki því að nemendur ná ekki tökum á aðferðinni.

Í síðasta dálkinn geta kennarar skráð hjá sér athugasemdir af ýmsu tagi, það sem þeir telja mögulega skýringu á slöku gengi eða minnisatriði varðandi einstaka nemendur.

5.2.4. Túlkun á niðurstöðum og viðbrögð

Í þessum bekk eru alls 19 nemendur og leiðir greining í ljós að framvinda lestrarnáms er á réttu róli hjá átta nemendum (vel yfir viðmiði 1 og í grennd við og yfir landsmeðaltali), sex nemendur eru með grunnaðferðir í lagi en þurfa tímabundið á að halda sérstakri lesfimiþjálfun og eftirfylgni umfram hefðbundinn heimalestur og fjórir nemendur þurfa á lestrarstuðningi að halda. Ekki liggja fyrir gögn um nemandann *Stefán* en fyrir því geta verið ýmsar ástæður. Vera má að hann hafi ekki nægilega lestrarfærni til að glíma við aldurssvarandi próf vegna frávika sem koma í veg fyrir þátttöku í prófinu og þá þarf að meta stöðu hans með öðrum hætti (sjá kafla 2.5.3. um *Mat á lesfimi fyrir nemendur með lestrarerfiðleika og önnur frávik*).

Í vinnuskjalinu eru nemendur flokkaðir í fjóra hópa út frá almennri stöðu nemenda á þessum aldri og er mögulegum viðfangsefnum hvers hóps lýst þar í grófum dráttum. Fjallað verður stuttlega um þá nemendur sem hafa þegar náð góðum tökum á grunnaðferðum lestrar og eru yfir viðmiði 1 en ítarlegri greining verður gerð á niðurstöðum nemenda sem þurfa sérstaka lesfimiþjálfun og stuðning.

Nemendur nær viðmiði 2 og yfir

Kara, María, Olga og Pétur

Þrátt fyrir að sjálfvirkni lestrar sé góð miðað við aldur þarf að huga að lestrarnákvæmninni og öðrum þáttum lesfiminna með markvissum hætti (sjá umfjöllun um matsramma fyrir lesfimi í kafla 3.3. og [Matsrammi fyrir lesfimi: Leiðbeiningar um notkun](#) á Læsisvefnum). Þjálfar þarf alla þætti nægilega vel þannig að lestur sé ekki aðeins sjálfvirkur og nákvæmur heldur einnig tjáningarríkur og hljómfall og mótun hendinga í samræmi við efni texta. Ef lestur er nákvæmur og öruggur þurfa þessir nemendur ekki að tvílesa texta þegar þeir æfa lestur heima. Huga þarf að fjölbreyttum verkefnum í lestri og ritun sem hæfa aldri og getu hópsins.

Nemendur nær viðmiði 1 en viðmiði 2

Bergey, Daria, Elvar og Nökkvi

Þrátt fyrir að þessir nemendur séu komnir yfir viðmið 1 er leshraði þeirra ekki mikið meiri en leshraði Freyju og Unnar sem eru enn rétt undir viðmiði 1. Segja má að staða þessara nemenda

sé áþekk ef horft er til þróunar lestrar og gætu því allir haft gagn af aðferðum endurtekens lestrar til að efla sjónrænan orðaforða og leggja grunn að aukinni lesfimi. Þessir nemendur gætu því haft gagn af sams konar kennslu, þjálfun og eftirfylgni og hópurinn sem þarf á sérstakri lesfimiþjálfun að halda en það kæmi í hlut hvers kennara að meta hvað væri vænlegast til árangurs út frá fyrri reynslu og þekkingu hans á stöðu hvers nemanda.

Nemendur sem þurfa sérstaka lesfimiþjálfun

Hér hefur verið tekin ákvörðun um að eftirfarandi nemendur fái sérstaka lesfimiþjálfun tíma- bundið eða jafnvel fram að næsta lesfimimati. Nánari rökstuðningur kemur í kjölfar töflunnar.

Tafla 7. Nemendur sem þurfa sérstaka lesfimiþjálfun eftir mat á lesfimi í september.

Nafn	V1	V2	Lesfimi	Lestur orðleysis	Sjónrænn orðaforði
Cesar	55	100	31	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar
Freyja	55	100	50	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar
Hrund	55	100	42	Meðaltal eða ofar	Neðri hluti mt./innan marka
Joakim	55	100	30	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar
Lárus	55	100	30	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar
Unnur	55	100	52	Meðaltal eða ofar	Meðaltal eða ofar

Cesar, Joakim og Lárus

Staða Cesars, Joakims og Lárusar er mjög sambærileg. Þrátt fyrir að niðurstöður þeirra á stuðningsprófunum séu góðar eru þeir enn töluvert undir viðmiði 1 eða sem nemur 24 og 25 o. á m. Staða hljóðaaðferðar og sjónræns orðaforða sýnir að forsendur til að ná meiri sjálfvirkni við lestur eru góðar og líklegt að þeir geti auðveldlega komist í grennd við viðmið 2 áður en skólaárinu lýkur ef þjálfun er markviss og henni fylgt vel eftir af skóla og heimili.

Freyja og Unnur

Freyja er aðeins fimm o. á m. undir viðmiði 1 og Unnur aðeins þremur orðum undir og því eru þær betur settar en drengirnir þrír. Samkvæmt spálíkani eru meðalframfarir nemenda í 3. bekk 13 o. á m. og því líklegt að báðar stúlkurnar verði komnar upp í u.þ.b. 75 o. á m. þegar þær ljúka skólaárinu ef þær hafa fengið sambærilega kennslu og þjálfun og meðalnemandinn. Þá verða þær um 25 o. á m. undir viðmiði 2 en þar sem þær hafa góðar forsendur til að ná betri árangri er sjálfsagt að fylgja þeim vel eftir með sérstakri, tímabundinni lesfimiþjálfun fram að næsta mati til að auka líkur á að þær nái viðmiði 2 fyrir skólalok.

Hrund

Hrund hefur náð góðum tókum á hljóðaaðferðinni en niðurstöður á prófinu sem metur sjónrænan orðaforða benda til veikleika í aðferðinni. Veikleikarnir geta t.d. verið fólgnir í því að Hrund þekkir ekki orðmyndirnar á nægilega sjálfvirkan hátt eða þá að lestrarlagið er ekki nægilega gott þar sem hún flýtir sér við lesturinn og gerir margar villur. Ef lestur orðmynda er ekki nægilega sjálfvirkur þarf að þjálfu hann til að efla sjónræna orðaforðann en ef lestrar-nákvæmnin er ekki nægileg þarf að leggja áherslu á að Hrund lesi öll orð rétt og nákvæmlega til að fækka villum við lestur svo merking orðmynda komist rétt til skila.

Nemendur sem þurfa á lestrarstuðningi að halda

Í þessum bekk eru fjórir nemendur sem sýna afar slaka frammistöðu á lesfimi- og stuðningsprófum. Í niðurstöðum stuðningsprófanna fyrir þessa nemendur koma fram vísbendingar um töluverða erfiðleika og líklegt að lestrarnám þeirra hafi gengið hægt og erfiðlega frá upphafi skólagöngu.

Tafla 8. Staðan eftir mat á lesfimi í september: Nemendur sem þurfa lestrarstuðning.

Nafn	V1	V2	Lesfimi	Lestur orðleysis	Sjónrænn orðaforði
Andri	55	100	19	Neðri mörk/veikleiki	Neðri mörk/veikleiki
Gestur	55	100	9	F. neðan meðalt./veikleiki	Neðri mörk/veikleiki
Ingimar	55	100	11	F. neðan meðalt./veikleiki	F. neðan meðalt./veikleiki
Rán	55	100	11	Neðri mörk/veikleiki	Neðri mörk/veikleiki

Þar sem engar viðbótarupplýsingar liggja fyrir sem gætu varpað skýrara ljósi á ástæður slaks gengis á prófunum, s.s. saga eða námsframvinda þessara nemenda, er varasamt að draga of miklar ályktanir um raunverulega stöðu þeirra hér. Vanda þarf sérstaklega til verka þegar taka á ákvörðun um næstu skref í kennslu og þar sem þessir nemendur eru komnir í 3. bekk er löngu orðið ljóst að þeir þurfa á stuðningi að halda og hafa að öllum líkindum fengið hann. Þar sem bekkjarkennarar hafa alla jafna lítið svigrúm til að koma til móts við þarfir nemenda með mikla lestrarerfiðleika þarf sérkennari/læsisfræðingur að leggja fyrir og rýna í niðurstöður prófanna og annarra fyrirliggjandi gagna og skipuleggja kennslu- og þjálfunaráætlun fyrir hvern nemanda sem þeir fylgja svo eftir með aðkomu umsjónarkennara og forsjáraðila.

Það verður ekki tæpt á því nægilega oft hversu mikilvægt það er að veita nemendum, sem á þurfa að halda, snemmbæran stuðning eða um leið og ljóst er í hvað stefnir. Bakgrunnsupplýsingar og niðurstöður mats í leikskóla geta strax gefið vísbendingar um að barn muni eiga í erfiðleikum með lestrarnám og við lok 1. bekkjar liggja fyrir margvísleg gögn sem eru mikilvægt innlegg þegar fá á heildarmynd af forsendum barna til lestrarnáms. Þessi gögn eru m.a.:

- niðurstöður úr Hljóm-2 og aðrar athuganir leikskóla
- niðurstöður stafakönnunar við upphaf 1. bekkjar og þegar stafainnlögn er lokið
- niðurstöður úr *Leið til læsis – lesskimun fyrir 1. bekk* en henni fylgir einnig gátlisti þar sem hægt er að safna saman bakgrunnsupplýsingum um nemandann
- niðurstöður úr lesfimi- og stuðningsprófum ef nemendur hafa næga hæfni til að taka prófin
- aðrar óformlegar athuganir kennara
- framvinda lestrarnáms hjá nemanda í samanburði við bekkjarfélaga

Allar þessar upplýsingar geta hjálpað kennurum að átta sig snemma á forsendum barna til lestrarnáms og skólastjórnendum til að forgangsraða stoðþjónustu þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að lestrarvandi hamli eðlilegri námsframvindu þessara nemenda á meðan á grunnskólanámi stendur. Margar rannsóknir hafa sýnt fram á gildi snemmbærs stuðnings og því má

hann ekki bíða t.d. þar til greining liggur fyrir heldur verður að hefjast handa strax á grundvelli formlegs og óformlegs mats sem fer reglulega fram í skólum. Afleiðingar lestrarvanda, sem ekki er ráðin bót á, geta verið námslegar, efnahagslegar og félagslegar og því verða skólar að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aðstoða nemendur við að ná fullnægjandi árangri eða þeim árangri sem þeir hafa forsendur til að ná.

Greiningin sem birtist í vinnuskjalinu gefur góða mynd af því hvernig samspili lesfimi- og stuðningsprófanna getur verið háttað. Rýni í niðurstöður eru mikilvægt innlegg við að ákvarða áherslur í kennslu eða stuðningi fram að næsta lesfimimati og hvort aðferðir eða nálgun í kennslu hafa borið árangur eða ekki. Þannig eru greining og nýting gagna lykillinn að faglegri lestrarkennslu og forsenda þess að hægt sé að tryggja nauðsynlegar framfarir í lestrarnámi allra nemenda.

6. Lestrarkennslan

6.1. Læsisstefnan

Hægt er að ræða um ytra skipulag, sem lýtur að heildarskipulagi læsiskennslu í skólanum sem miðar að því að útskrifa nemendur með góða lestrarfærni og vel læsa á næsta skólastig, og innra skipulag eða skipulag kennslu inni í bekk sem tekur mið af stöðu bekkjar og viðfangsefnum í lestrarkennslu hverju sinni eða á milli þess sem mat fer fram. Ytra skipulag lestrarkennslu er gjarnan tíundað í læsisstefnu skóla og ætti að endurspegla góðan skilning á þróun lestrarfærni og læsis þar sem stigvaxandi þyngd viðfangsefna á hverju stigi er í takt við kröfur sem gerðar eru til lestrarkunnáttu í námi. Gott ytra skipulag eða góð læsisstefna sem endurspeglar nauðsynlega stígandi og samfellu í lestrarkennslu getur verið kennurum leiðarljós varðandi markmið og viðfangsefni í lestrarkennslu á hverju stigi. Hún getur einnig veitt nemendum og foreldrum góða heildarmynd af því hvað góð lestrarkunnátta og gott læsi felur í sér eða hvers konar hæfni nemandinn á að búa yfir við lok grunnskóla.

Í Skólagátt geta stjórnendur séð meðaltöl allra árganga sinna og borið t.d. saman við landsmeðaltöl. Þetta eru dýrmætar upplýsingar sem veita skólum tækifæri til að rýna í eigin starfshætti varðandi fyrirkomulag lestrarkennslu. Mikilvægt er að stjórnendur og kennarar rýni saman í niðurstöður undir formerkjum lærdómssamfélagsins og deili hugmyndum, aðferðum og ábyrgð á frammistöðu allra nemenda skólans. Rýnin getur dregið fram nauðsyn þess að gera ákveðnar breytingar sem þurfa að rata inn í læsisstefnu skólans við endurskoðun hennar en mikilvægt er að stefnan sé lifandi plagg sem endurspeglar áherslur hverju sinni og sé í raun hið fasta leikskipulag sem allt starfsfólk skóla sameinast um að fylgja vel eftir í þágu nemenda.

6.2. Skipulag lestrarkennslu og lestrarstuðnings á skólavísu

Söfnun gagna, greining og rýni í niðurstöður lesfimi- og stuðningsprófanna gera skólum kleift að kortleggja heildarstöðu lestrar innan alls skólans. Við greininguna fást einnig niðurstöður sem leggja má m.a. til grundvallar skipulagningar lestrarkennslu inni í bekk eða hjá árgangi, skipulagningar stoðþjónustu (lestrarstuðnings), forgangsroðunar fjármagns og mannauðs og áherslna í starfsþróunaráætlun skóla.

Skipulagið sem birtist í *töflu 9* er byggt á framsetningu lesfimiviðmiðanna. Það skýrir stöðu nemenda og hlutverk og ábyrgð skóla og heimilis varðandi kennslu, þjálfun og eftirfylgni fram að næsta lesfimimati. Með því að setja inn fjölda og hlutfall nemenda á hverju viðmiðsbili og taka niðurstöður saman fyrir bekk/árgang/skóla er hægt að átta sig á og fylgjast með þróun stöðunnar á milli mælinga og ára innan skólans. Þannig fæst t.d. góð hugmynd varðandi það hvert umfang lestrarstuðnings þarf að vera og hægt að forgangsraða bjargráðum í samræmi við það.

Tafla 9. Skipulag lestrarkennslu og lestrarstuðnings: Staða 3. bekkjar eftir septemberfyrirlögn.

Viðmið	Staða nemanda	Umsjón lestrarkennslu	Kennsluskipulag	Mat/endurmat	Umsjón þjálfunar og eftirfylgni
Á eða yfir V2	Hæfni náð 0 nem./0%*	Lestrarkennari	Lestrarkennsla í bekk	Skimunaráætlun skóla	Foreldrar Lestrarkennari
Milli V1 og V2	Á góðri leið 8 nem./42%	Lestrarkennari	Lestrarkennsla í bekk	Skimunaráætlun skóla	Foreldrar Lestrarkennari
Rétt yfir og undir V1	Þarfnast þjálfunar 11 nem./58%	Lestrarkennari Sérfræðingur	Lestrarkennsla í bekk Lestrarstuðningur	Skimunaráætlun skóla Lok stuðningslotu	Foreldrar Lestrarkennari Sérfræðingur

*Hér er um septemberfyrirlögn að ræða en viðmiðin kveða á um æskilegan árangur nemenda í maí.

6.2.1. Lestrarstuðningur

Við skipulagningu stoðþjónustu getur verið gott að eyrnamerkja ákveðinn kennslustundafjölda lestrarstuðningi sem er hugsaður fyrir nemendur sem glíma við lestrarerfiðleika. Í lestrarstuðningi er gert ráð fyrir að unnið sé með nemendur á öllum stigum í lotum yfir skólaárið, ýmist út frá einstaklingsþörfum eða í litlum hópum en fyrirkomulagið þarf alltaf að taka mið af aldri og eðli vanda nemenda.

Til að tryggja góða nýtingu ættu skólar að setja fram ákveðin skilyrði eða lýsingu varðandi nemendur sem fá lestrarstuðning. Skýrar línur í þeim efnum koma nemendum, foreldrum og öllum þeim sem koma að lestrarkennslu til góða. Þannig er komið í veg fyrir að nemendum sé vísað að óþörfu í lestrarstuðning, komið í veg fyrir ofvöxt stoðþjónustu og bjargráðum forgangsraðað í takt við raunverulega þörf. Góð og vönduð lestrarkennsla í bekk er árangursríkasta leiðin til að hjálpa langflestum nemendum og ætti lestrarstuðningur eingöngu að vera fyrir nemendur sem glíma við vanda sem ekki verður mætt inni í bekk. Þessir nemendur geta þó alla jafna haft ávinning af því að taka þátt í lestrarkennslu með bekkjarfélögum þar sem þeir geta notið stuðnings lengra kominna nemenda í gegnum aðferðir eins og [K-PALS](#), [G-PALS](#) og [PALS](#), [kór-lestur](#) og [endurtekinn lestur](#) svo dæmi séu tekin.

Möguleikar lítilla skóla til að bjóða upp á öfluga stoðþjónustu og þar af leiðandi lestrarstuðning eru oft takmarkaðri en stærri skólanna en á móti kemur að árgangar eru oft litlir og nemendur í hverjum bekk fáir. Þetta gerir kennurum kleift að koma vel til móts við einstaklingsbundnar þarfir nemenda en áskoranirnar geta engu að síður verið margar og því er sveigjanleiki í kennslufyrirkomulagi og góð samvinna kennara ákaflega mikilvæg. Kennsla nemenda með lestrarerfiðleika er vissulega krefjandi en það er skylda kennara og annars fagfólks í skólum að bregðast rétt við stöðu nemenda og leita aðstoðar annarra ef þekking eða hæfni er ekki til staðar.

6.2.2. Viðfangsefni lestrarkennslu

Megintilgangur námsmats er að hjálpa kennurum að ákvarða næstu skref í kennslu á grundvelli gagnanna sem þeir hafa aflað um stöðu nemenda. Á fyrstu stigum lestrarnáms er meginviðfangsefni nemandans að ná tókum á hljóðaaðferðinni, að leggja grunninn að aukinni lesfimi, að

læra að lesa. Ef vel er að verki staðið og töluleg gögn úr Lesferli notuð markvisst til grundvallar á skipulagi lestrarkennslu og vali á viðfangsefnum er mögulegt að útskrifa langflestu nemendur yfir á miðstigið með góða, aldursvarandi færni.

Lesfimi- og stuðningsprófin gera ráð fyrir því að nemendur bæti leshraða sinn jafnt og þétt allan grunn-skólann enda verða áskoranirnar í námi sífellt meiri eftir því sem námi vindur fram og þörfin fyrir góða lestrarkunnáttu æ ríkari. Það er því nauðsynlegt að nota niðurstöður Lesferilsprófanna á markvissan hátt fyrir alla árganga og taka niðurstöður á mið- og unglingastigi jafn alvarlega og niðurstöður á yngsta stigi. Að öðrum kosti skerðast möguleikar margra nemenda til að geta nýtt sér lestur til náms með árangursríkum hætti.

Lesfimi- og stuðningsprófin snúast fyrst og fremst um að leggja mat á stöðu tæknilegrar hliðar læsis eða beitingu lestraraðferðarinnar en eins og fram kemur í kaflanum um tengsl lesfimi og lesskilnings er markmið alls lestrar að skilja það sem lesið er og að geta nýtt sér upplýsingar í samræmi við tilgang lestrar hverju sinni. Efling lesskilnings er því annað meginviðfangsefni lestrarkennslu og mikilvægt að hugað sé að honum allt frá upphafi. Duke, Ward og Pearson (2021) benda á að lestrarkennsla og kennsla í beitingu lesskilningsaðferða þurfi að fara saman frá upphafi lestrarnáms og að nemendur þurfi að geta lært snemma að beita einföldum aðferðum, t.d. að bregðast rétt við þegar lesskilning þrýtur (sjá Læsisvef: [Að vakta lesskilninginn](#)), að læra aðferðir reyndra lesara í glímu við texta (sjá Læsisvef: [Að hugsa upphátt við lestur](#)) og að efla málaskilning með umræðum um texta og úrvinnslu í gegnum ritun.

Eftir því sem viðfangsefni og kröfur í námi verða fleiri og meiri verður tilgangur lestrar margbreytilegri og textategundirnar sem nemandinn þarf að glíma við æ fjölbreyttari. Hann þarf því að læra aðferðir sem hjálpa honum að tileinka sér efni námsgreina með árangursríkum hætti og mikilvægt að kennsla og beiting aðferða fari ekki fram í tómarúmi heldur í tengslum við raunveruleg viðfangsefni innan greinanna. Þannig lærir nemandinn að nýta sér lestur til náms. [Gagnvirkur lestur](#), [KVL eða KVL+](#) og [Frayer líkanið](#) eru aðferðir sem gera ráð fyrir skipulegri nálgun við lestur og úrvinnslu á efni texta og styðja við lestur til náms.

6.2.3. Viðfangsefni lestrarþjálfunar/heimalestrar

Viðfangsefni heimalestrar eða lestrarþjálfunar þurfa að haldast í hendur við viðfangsefni lestrarkennslunnar og stöðu nemenda í lestri hverju sinni. Í fyrstu er lögð áhersla á að nemendur nái tökum á hljóðaaðferðinni, nái samfara því tökum á lestri orðmynda sem leggja grunninn að góðri lesfimi með hliðsjón af viðmiðum. Samhliða þessu þarf að huga að því að nemendur komi sér upp góðu lestrarlagi (sjá [matsramma fyrir lesfimi](#)) sem tryggir að merking textans komist til skila en allt frá upphafi þarf að vinna með orðaforða- og lesskilningsaðferðir í merkingarbæru samhengi í öllum bóklegum námsgreinum. Hér gildir að þjálfar þá sem þarfnast þjálfunar og því þarf, sérstaklega á fyrri stigum í lestrarnámi, að hafa í huga stöðu nemenda og sníða þjálfunina að henni (sjá t.d. [Lestrarkortin](#) á Læsisvefnum). Markmið þjálfunar og aðferðir þurfa því að vera fjölbreytt og lestrarkennarinn meðvitaður um það sem þjálfar þarf hverju sinni. „Korter og kvittað“ fyrir alla nemendur á því sjaldnast við en markmiðið með slíkri þjálfun hefur alla jafna verið nokkuð óljóst í hugum nemenda og oft ekki til þess fallið að ýta undir áhuga þeirra á lestri þar sem skráningin er fábreytt og úrvinnslan eftir lestur lítil eða jafnvel engin.

Eftir að nemandinn hefur náð góðum tókum á lestri og lesfimin orðin öflug þarf að styðja kröfuna um heimalestur með góðum rökum og tryggja að hún hafi gildi fyrir nemandann, að hann hafi val, gott aðgengi að fjölbreyttum bókakosti og möguleika á úrvinnslu (sjá t.d. [Yndislestur](#) á Læsisvefnum). Einnig er mikilvægt að tengja kröfuna um heimalestur við lestur í námsgreinum en texti námsgreina getur oft verið flókinn og innihaldið mörg ný orð og greinabundin hugtök sem þarf að kafa í. Í þessu samhengi kemur þjálfun í beitingu lesskilningsaðferða að gagni sem viðfangsefni í heimalestri.


Á Læsisvefnum er að finna efnið [Spurt og svarað um lestrarþjálfun](#) en þar eru ýmsar gagnlegar ábendingar fyrir bæði kennara og foreldra sem geta nýst við lestrarþjálfun eða heimalestur.

6.2.4. Læsisvefurinn – verkfærakista kennara

[Læsisvefnum](#) er ætlað að vera verkfærakista kennara og hefur hann að geyma upplýsingar, aðferðir og bjargir sem nýtast kennurum við skipulag og val á viðfangsefnum í læsiskennslu, t.d. í kjölfar mats á lestri. Aðferðirnar, sem valdar hafa verið inn á vefinn, eru nær allar byggðar á niðurstöðum rannsókna og getur notkun þeirra lagt grunninn að fjölbreyttri og árangursríkri læsiskennslu á öllum stigum grunnskólans. Efnið á vefnum er flokkað í samræmi við meginþætti læsis og er ætlað að auðvelda kennurum að finna það sem þeir leita að hverju sinni.

Við framsetningu aðferða á vefnum er leitast við að setja þær í skýrt samhengi og útskýra vel í hverju gildi aðferðarinnar liggur. Einnig eru sett fram þau markmið sem aðferðin getur uppfyllt, gögn sem þarf við framkvæmdina sem lýst er í skrefum og í mörgum tilvikum fylgja bjargir í formi veggspjalda eða annars sem hægt er að nota á meðan á innlögn og þjálfun stendur. Margar aðferðanna eru einfaldar í framkvæmd en hafa þarf í huga að engin aðferð er svo einföld að það þurfi ekki að beita henni nokkrum sinnum til að bæði nemendur og kennari nái tókum á henni og full áhrif hennar komi fram. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að beiting aðferðar þarf að eiga sér stað á réttum tímapunkti í lestrarnámi til að vera árangursrík (Hattie, 2009). Með því að kynna sér og nota nýjar aðferðir markvisst í kennslu stækkar verkfærakistan smám saman og kennarinn verður sífellt færari um að koma betur til móts við þarfir nemenda sinna í lestrarnámi þeirra.

LÆSISVEFURINN



Mynd 12. Læsisvefurinn.

6.2.5. Samstarf við foreldra vegna lestrarnáms

Það er samstarfsverkefni heimilis og skóla að gera nemendur læsa og tryggja að lestrarnám barna verði farsælt. Það er best gert með öflugum samstarfi allt frá upphafi formlegrar skólagöngu þar sem væntingar, hlutverk og ábyrgð beggja aðila er skýr en skólinn, sem er skipaður fagfólki með þekkingu á lestrarkennslu, leiðir alltaf samstarfið og leggur línurnar. Þannig bera foreldrar/forsjáraðilar ábyrgð á almennum læsisuppeldi og þjálfun á meðan hún þarf að fara fram en skólinn á því að kenna nemendum aðferðir og leiðir sem auka líkurnar á því að þeir öðlist næga lestrarfærni til að geta nýtt sér lestur til náms.

Á Íslandi hefur orðið til sterk hefð fyrir því að foreldrar/forsjáraðilar taki að sér að sinna heima-lestri eða lestrarþjálfun barna, einkum á fyrstu stigum lestrarnáms, og því er mikilvægt að samtali eigi sér stað milli heimilis og skóla um viðfangsefnið. Skólar þurfa að vera leiðandi í því samtali eins og áður segir og bjóða forsjáraðilum upp á fræðslu sem gerir þá vel í stakk búna til að sinna bæði þjálfunarhlutverki sínu og að efla almennt læsi nemenda. Menntamálastofnun hefur gefið út efnið [Samvinna um læsi](#) en það er ætlað skólum sem vilja útbúa fræðslu fyrir foreldrahópinn sem er að stíga sín fyrstu skref í þjálfunarhlutverkinu. Í efniinu er að finna ákveðna fyrirmynd að slíkri fræðslu sem skólar geta ýmist nýtt sér í heild eða að hluta, allt í samræmi við eigin áherslur og væntingar. Skólastjórnendur og kennarar eru hvattir til að nýta sér efnið, að hluta til eða öllu leyti, en með notkun þess myndast grundvöllur að samvinnu þar sem hlutverk og væntingar til samstarfsins eru skýrar.

7. Í hnotskurn

Með notkun lesfimi- og stuðningsprófanna gefst einstakt tækifæri til að safna mikilvægum gögnum um eina af meginstöðum læsis en góð lesfimi er önnur meginforsenda góðs lesskilnings. Við greiningu á niðurstöðum fæst góð yfirsýn yfir heildarstöðu lestrarfærni nemenda og dregur greiningin fram með skýrum hætti hvaða áherslur og viðfangsefni þurfa að vera í lestrar-kennslu hverju sinni í bekk á öllum stigum grunnskólans og síðast en ekki síst hvaða nemendur það eru sem þurfa sérstaklega á aðstoð að halda. Þannig veitir greining á niðurstöðum áreiðanlegan efnivið þegar endurskoða á verkferla og læsisstefnu skóla, þegar forgangsraða þarf takmörkuðum gæðum og ákvarða áherslur í starfsþróun kennara svo dæmi séu tekin.

Við gerð þessarar handbókar var leitast við að setja fram með skýrum hætti það sem kalla má hringrás mats og kennslu á grundvelli upplýsinga sem fást með notkun lesfimi- og stuðningsprófa Lesferils. Segja má að þeirri hringrás ljúki í raun aldrei eða ekki fyrr en allir nemendur hafa náð ásættanlegum árangri en það gerir miklar kröfur um vönduð vinnubrögð innan skóla. Marviss notkun upplýsinga sem fást með fyrirlögn á stöðluðu og óformlegu mati er grunnur að faglegu skólastarfi en allar mælingar, sem veita upplýsingar um stöðu nemenda, leggja skólum þá siðferðilegu skyldu á herðar að bregðast við niðurstöðum. Góður árangur í lestri og læsi næst aðeins með því að byggja á skýrum grunni og sameiginlegu átaki þar sem nemendur eiga ekki allt sitt undir „góðum kennara“ heldur átaki sem tryggir samræmdar aðgerðir í skólanum sem lúta að því að allir nemendur eigi möguleika á að ná framúrskarandi árangri í samræmi við forsendur sem hver og einn nemandi hefur (Steinunn Torfadóttir, 2011).

8. Heimildaskrá

- Cahill, C., Horvath, K., McGill-Franzen, A. og Allington, R. L. (2013). *No more summer-reading loss*. New Hampshire: Heineman.
- Cartwright, K. B. og Duke, N. K. (2019). The DRIVE model of reading: Making the complexity of reading accessible. *The Reading Teacher*, 73(1), 7-15.
- Duke, N. K., Ward, A. E. og Pearson, P. D. (2021). The science of reading comprehension instruction. *The Reading Teacher*, 74(6), 663-672.
- Flanagan, D. P. og Kaufman, A. S. (2009). *Essentials of WISC®-IV Assessment*. (2. útg.). Hoboken, New Jersey. Wiley & Sons.
- Guðbjörg R. Þórisdóttir (2021). *Leiðbeiningar með matsramma fyrir lesfimi*. Kópavogur: Menntamálastofnun.
- Hattie, J. (2009). *Visible learning: A synthesis of over 800 meta-analyses relating to achievement*. New York: Routledge.
- Helga Sigurmundsdóttir (2011). Að þjálfra færni í umskráningu. Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 85-92). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.
- Kuhn, M. R., Schwanenflugel, P. J. og Meisinger E. B. (2010). Aligning theory and assessment of reading fluency: Automaticity, prosody and definitions of fluency. *Reading Research Quarterly*, 45(2), 230-251.
- LaBerge, D. og Samuels, J. S. (1974) Toward a theory of automatic information processing in reading. *Cognitive Psychology*, 6(2), 293-323.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*.
- Sattler, J. M. (2018). *Assessment of children: Cognitive foundations*. (6. útgáfa). San Diego: Jerome M. Sattler, Publisher.
- Sigurgrímur Skúlason (2020). Túlkun á niðurstöðum stuðningsprófanna Orðleysur og Sjónrænn orðaforði í Lesferli: Aldursviðmið og réttmæti. *Glæður: Fagtímarit Félags íslenskra sérkennara*, 30, 102-113.
- Sigurgrímur Skúlason, Auðun Valborgarson og Guðbjörg R. Þórisdóttir (2021). *Túlkun á niðurstöðum stuðningsprófa í Lesferli: Aldursviðmið fyrir Orðleysulestur og Sjónrænan orðaforða* (2. útgáfa). Kópavogi: Menntamálastofnun.
- Steinunn Torfadóttir (2011). Leið til læsis. Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 11-14). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.



m MENNTAMÁLASTOFNUN

40681